

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/787

2022/EES/26/23

frá 17. apríl 2019

um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 (3) hefur reynst árangursrík við að setja regluverk fyrir geira brenndra drykkja. Hins vegar er nauðsynlegt, í ljósi nýlega fenginnar reynslu og tækninýjunga, markaðsþróunar og breytinga á væntingum neytenda, að uppfæra reglurnar um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu á brenndum drykkjum og að endurskoða hvernig landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki eru skráðar og verndaðar.
- 2) Reglurnar sem varða brennda drykki ættu að vera framlag til þess að ná fram öflugri neytendavernd, koma í veg fyrir misvægi í upplýsingum og villandi viðskiptahætti og ná fram gagnsæi á markaði og sanngjarnri samkeppni. Þær ættu að vernda það orðspor sem brenndir drykkir frá Sambandinu hafa öðlast innan Sambandsins og á heimsmarkaði með því að taka áfram tillit til hefðbundinna aðferða sem notaðar eru við framleiðslu á brenndum drykkjum, sem og til aukinna krafna um neytendavernd og upplýsingagjöf. Einnig skal taka tillit til tækninýjunga að því er varðar brennda drykki, þar sem þær auka gæði, án þess að það hafi áhrif á hefðbundna eiginleika þeirra brenndu drykkja sem um er að ræða.
- 3) Brenndir drykkir skapa mikilvægan markað fyrir landbúnaðargeirann í Sambandinu og framleiðsla á brenndum drykkjum tengist þeim geira náíð. Þau tengsl eru mikilvæg fyrir gæði, öryggi og orðspor þeirra brenndu drykkja sem eru framleiddir í Sambandinu. Leggja ætti því áherslu á þessi sterku tengsl við landbúnaðargeirann í regluráttmálanum.
- 4) Reglurnar sem varða brennda drykki eru í sérstöðu í samanburði við almennu reglurnar sem mælt er fyrir um fyrir landbúnaðargeirann og í þeim ætti einnig að taka tillit til hefðbundinna framleiðsluaðferða sem eru í notkun í mismunandi aðildarríkjum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 209, 30.6.2017, bls. 54.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 9. apríl 2019.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

- 5) Í þessari reglugerð ætti að setja fram skýrar viðmiðanir fyrir skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja sem og fyrir vernd landfræðilegra merkinga og þær ættu ekki að hafa áhrif á fjölbreytileika opinberra tungumála og stafrófa í Sambandinu. Í henni ætti einnig að setja fram reglur um notkun etanóls og eimis úr landbúnaði við framleiðslu á áfengum drykkjum og um notkun á lögheitum brenndra drykkja við kynningu og merkingu matvæla.
- 6) Til að uppfylla væntingar neytenda og til að vera í samræmi við hefðbundnar aðferðir ættu etanól og eimi sem eru notuð við framleiðslu á brenndum drykkjum einvörðungu vera landbúnaðarafurðir.
- 7) Í þágu neytenda ætti þessi reglugerð að gilda um alla brennda drykki sem settir eru á markað í Sambandinu hvort sem þeir eru framleiddir í aðildarríkjum eða í þriðju löndum. Til að viðhalda og bæta orðspor brenndra drykkja sem eru framleiddir í Sambandinu á heimsmarkaði ætti þessi reglugerð einnig að gilda um brennda drykki sem eru framleiddir innan Sambandsins til útflutnings.
- 8) Í skilgreiningum og tæknilegum kröfum er varða brennda drykki og flokkun brenndra drykkja ætti áfram að taka tillit til hefðbundinna aðferða. Einnig ætti að mæla fyrir um sértækar reglur fyrir tiltekna brennda drykki sem eru ekki á skránni yfir flokka.
- 9) Reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ⁽⁴⁾ og (EB) nr. 1334/2008 ⁽⁵⁾ gilda einnig um brennda drykki. Þó er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðbótarreglur varðandi litarefni og bragðefni sem ættu eingöngu að gilda um brennda drykki. Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðbótarreglur varðandi þynningu og uppleysingu bragðefna, litarefna og annarra leyfðra innihaldsefna sem ættu eingöngu að gilda um framleiðslu á áfengum drykkjum.
- 10) Mæla ætti fyrir um reglur varðandi lögheiti sem nota á fyrir brennda drykki sem eru settir á markað í Sambandinu til að tryggja að slík lögheiti séu notuð á samræmdan hátt alls staðar í Sambandinu og til að vernda gagnsæi upplýsinga til neytenda.
- 11) Vegna mikilvægis og margslungins eðlis geirans fyrir brennda drykki þykir rétt að mæla fyrir um sértækar reglur um lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, einkum að því er varðar notkun lögheita, landfræðilegra merkinga, samsettra hugtaka og óbeinna tilvitnana í lýsingu, kynningu og merkingu.
- 12) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽⁶⁾ ætti að gilda um lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð. Í því samhengi, vegna mikilvægis og margslungins eðlis geirans fyrir brennda drykki, þykir rétt að mæla í þessari reglugerð fyrir um sértækar reglur um lýsingu, kynningu og merkingu á brenndum drykkjum sem ganga lengra en reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Þessar sértæku reglur ættu einnig fyrirbyggja misnotkun á hugtakinu „brenndir drykkir“ og á lögheitum brenndra drykkja að því er varðar vörur sem uppfylla ekki skilgreiningarnar og kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 13) Til að tryggja samræmda notkun samsettra hugtaka og óbeinna tilvitnana í aðildarríkjum og til að veita neytendum fullnægjandi upplýsingar og vernda þá þannig frá því að villt sé um fyrir þeim er nauðsynlegt að mæla fyrir um ákvæði varðandi notkun þeirra í kynningu á brenndum drykkjum og öðrum matvælum. Tilgangur slíkrar ákvæða er einnig að vernda orðspor brenndu drykkjanna sem eru notaðir í þessu samhengi.
- 14) Til að veita neytendum fullnægjandi upplýsingar ætti að mæla fyrir um ákvæði um lýsingu, kynningu og merkingu á brenndum drykkjum sem uppfylla skilyrðin fyrir samsetningar eða blöndur.
- 15) Þó að mikilvægt sé að tryggja að þroskunartími eða aldur sem gefinn er upp í lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja vísi almennt eingöngu til yngsta áfenga efnisþáttarins og að taka tillit til hefðbundinna þroskunarferla í aðildarríkjum ætti að vera mögulegt, með framseldum gerðum, að kveða á um undanþágu frá þeirri almennu reglu og um viðeigandi eftirlitskerfi í tengslum við *brandy*, sem er framleitt með hefðbundnu virku þroskunarkerfi sem er þekkt sem „*criaderas y soleras*“ eða „*solera e criaderas*“.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjttð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (Stjttð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjttð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

- 16) Í þágu réttarvissu og til að tryggja að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar ætti notkun á heitum hráefna eða á lýsingarorðum sem lögheiti fyrir tiltekna brennda drykki ekki að koma í veg fyrir notkun á heitum slíkra hráefna eða á lýsingarorðum í kynningu og merkingu annarra matvæla. Af sömu ástæðu ætti notkun þýska orðsins „*geist*“ sem lögheiti fyrir flokk brenndra drykkja ekki koma í veg fyrir notkun þessa orðs sem glysheiti til viðbótar við lögheiti annarra brenndra drykkja eða heiti annarra áfengra drykkja, að því tilskildu að slík notkun villi ekki um fyrir neytandanum.
- 17) Til að tryggja að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar og til að auka gæði framleiðsluáðferða ætti að vera unnt að bæta hugtakinu „þurr“ eða „*dry*“ við lögheiti allra brenndra drykkja, þ.e.a.s. að hugtakið sé annað hvort þýtt á tungumál viðkomandi aðildarríkis eða óþýtt eins og tilgreint er skáletrað í þessari reglugerð, ef brenndi drykkurinn hefur ekki verið sættur. Í samræmi við þá meginreglu að matvælaupplýsingar skuli ekki að vera villandi, einkum þannig að gefið sé í skyn að matvælin búi yfir sérstökum sérkennum þó að reyndin sé sú að öll svipuð matvæli búi yfir þessum sérkennum, ætti þessi regla þó ekki að gilda um brennda drykki sem samkvæmt þessari reglugerð skulu ekki vera sættir, jafnvel til bragðstillingar, einkum um *whisky* eða *whiskey*. Þessi regla ætti heldur ekki að gilda um *gin*, eimað *gin* og *London gin*, þar sem sértækar reglur um sætun og merkingu ættu að gilda áfram. Enn frekar ætti að vera unnt að merkja líkjöra sem einkennast einkum af beisku, römmu, bragðsterku, bitru eða súru bragði eða bera keim af sítrónu, án tillits til sætunarstigis þeirra, sem „þurr“ eða „*dry*“. Ekki er búist við að slík merking villi um fyrir neytendum þar eð líkjörar skulu innihalda tiltekið lágmarksmagn sykurs. Til samræmis við það, ef um er að ræða líkjöra, ætti hugtakið „þurr“ eða „*dry*“ ekki skiljast sem vísbending um að brenndi drykkurinn hafi ekki verið sættur.
- 18) Til að taka tillit til væntinga neytenda um hráefni sem eru notuð í vodka, sérstaklega í þeim aðildarríkjum þar sem hefð er fyrir vodkaframleiðslu, ætti að veita fullnægjandi upplýsingar um hráefnin sem notuð eru þegar vodka er búið til úr hráefnum úr landbúnaði, öðrum en kornvörum og/eða kartöflum.
- 19) Til að framfylgja og hafa eftirlit með beitingu löggjafar er varðar reglur um þroskun og merkingu og til að berjast gegn svikum ætti að vera skyldubundið að tilgreina lögheiti og þroskunartíma allra brenndra drykkja í rafrænum stjórnáskjalum.
- 20) Í sumum tilvikum óska stjórnendur matvælaframtækja eftir því að tilgreina upprunastað brenndra drykkja frekar en landfræðilegar merkingar og vörumerki til að draga athygli neytenda að eiginleikum vöru þeirra. Því ætti að mæla fyrir um sértæk ákvæði um tilgreiningu á upprunastað í lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja. Auk þess ætti skyldan, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, um að tilgreina upprunaland eða upprunastað megininnihaldsefnis ekki að gilda ef um er að ræða brennda drykki, jafnvel þó að upprunaland eða upprunastaður megininnihaldsefnisins í brenndum drykk sé ekki sá sami og upprunastaðurinn sem er tilgreindur í lýsingu, kynningu eða merkingu þess brennda drykkjar.
- 21) Til að vernda orðspor tiltekinna brenndra drykkja ætti að mæla fyrir um ákvæði um þýðingu lögheita, umritun þeirra á annað tungumál eða annað stafróf vegna útflutnings.
- 22) Til að tryggja að þessari reglugerð sé beitt með samræmdum hætti ætti að fastsetja tilvísunaraðferðir í Sambandinu fyrir greininguna á brenndum drykkjum og etanóli sem notað er við framleiðslu á brenndum drykkjum.
- 23) Notkun á hettum sem innihalda blý og þynnu sem inniheldur blý til að hylja lokunarbúnað íláta fyrir brennda drykki ætti áfram að vera bönnuð til að koma í veg fyrir áhættu á mengun, einkum að því er varðar óviljandi snertingu við slíkar hettur, og á umhverfismengun frá úrgangi sem inniheldur blý frá slíkum hettum eða þynnum.
- 24) Að því er varðar vernd landfræðilegra merkinga er mikilvægt að taka tilhlýðilegt tillit til samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur TRIPS-samningurinn), einkum 22. og 23. gr., og til hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (hér á eftir nefnt GATT-samkomulagið frá 1947), þ.m.t. V. grein um frelsi í umflutningi, sem voru samþykkt með ákvörðun ráðsins 94/800/EB (7). Til að styrkja vernd landfræðilegra merkinga og til að berjast gegn fölsun með skilvirkari hætti ætti slík vernd innan slíks lagaramma einnig að gilda að því er varðar vörur sem koma inn á tollsvæði Sambandsins án þess að þær séu settar í frjálst flæði og í sérstakt tollferli eins og t.d. það er varðar umflutning, geymslu, sértæka notkun eða vinnslu.

(7) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

- 25) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 ⁽⁸⁾ gildir ekki um brennda drykki. Því ætti að mæla fyrir um reglur um vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum. Framkvæmdastjórnin ætti að skrá landfræðilegar merkingar.
- 26) Mæla ætti fyrir um málsmeðferðarreglur fyrir skráningu, breytingu og hugsanlega afturköllun landfræðilegra merkinga Sambandsins eða þriðju landa í samræmi við TRIPS-samninginn en jafnframt að virða stöðu gildandi landfræðilegra merkinga sem njóta verndar í Sambandinu. Til að samræma málsmeðferðarreglur um landfræðilegar merkingar í öllum viðkomandi geirum ættu slíkar málsmeðferðarreglur að byggjast á ítarlegri og þrautreyndum málsmeðferðarreglum fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1151/2012, að teknu tillit til sértæki brenndra drykkja. Til að einfalda málsmeðferð við skráningu og til að tryggja að upplýsingar fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og neytendur séu tiltækar á rafrænu formi ætti að koma á fót skrá yfir landfræðilegar merkingar. Landfræðilegar merkingar sem eru verndaðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008 ættu sjálfkrafa að njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð og skráðar í rafrænu skrána. Framkvæmdastjórnin ætti að ljúka við sannprófun á landfræðilegum merkingum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, í samræmi við 20. gr. þeirrar reglugerðar.
- 27) Til að gæta samræmis við reglur sem gilda um landfræðilegar merkingar fyrir matvæli, vín og kryddblandaðar vínafurðir ætti að breyta heiti skjalsins þar sem fram koma nákvæmar skilgreiningar fyrir brennda drykki sem eru skráðar sem landfræðilegar merkingar úr „tækniskjal“ í „forskrift fyrir afurð“. Tækniskjöl sem eru lögð fram sem hluti umsóknar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008 ættu að teljast forskriftir fyrir afurð.
- 28) Skýra ætti tengsl milli vörumerkja og landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum í tengslum við viðmiðanir fyrir synjun, ógildingu og samhliða tilvist. Slík skýring ætti ekki að hafa áhrif áunnin réttindi handhafa landfræðilegra merkinga á landsvísu eða réttindi sem gilda í krafti alþjóðasamninga, sem aðildarríki hafa gert fyrir tímabilið áður en verndarkerfi Sambandsins samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ⁽⁹⁾ var komið á fót.
- 29) Nauðsynlegt er að viðhalda háum gæðastaðli ef orðspor og gildi geira brenndra drykkja á að viðhaldast. Yfirvöld aðildarríkja ættu að bera ábyrgð á því að tryggja að þeim gæðastaðli sé viðhaldið með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin ætti að geta vaktað og sannreynt að farið sé að tilskildum ákvæðum til að ganga úr skugga um að reglugerðinni sé framfylgt á samræmdan hátt. Því ætti að krefjast þess að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin deili mikilvægum upplýsingum sín á milli.
- 30) Þegar aðildarríki beita gæðastefnu, einkum til að ná háu gæðastigi brenndra drykkja og fjölbreytni í geira fyrir brennda drykki, ætti þeim að vera heimilt að samþykkja reglur um framleiðslu, lýsingu, kynningu og merkingu á brenndum drykkjum, sem eru framleiddir á yfirráðasvæði þeirra, sem eru strangari en þær sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 31) Til að taka tillit til breytinga á kröfum neytenda, tækniframfara, þróunar á viðkomandi alþjóðastöðlum, þarfarinnar til að bæta efnahagsleg skilyrði í framleiðslu og markaðssetningu, hefðbundins þroskunarferlis og laga í þriðju innflutningslöndum og til að vernda lögmæta hagsmuni framleiðenda og stjórnenda matvælafyrirtækja að því er varðar vernd landfræðilegra merkinga ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (hér á eftir nefndur „sáttmálinn“), að því er varðar: breytingar á og frávik frá tæknilegum skilgreiningum og kröfum er varða brennda drykki; leyfi fyrir nýjum sætuefnum; undanþágur varðandi forskriftir fyrir þroskunartíma eða aldur fyrir *brandy* og að koma á fót opinberri skrá yfir aðila sem eru í forsvari fyrir eftirlit með þroskunarferlum; að koma á fót rafrænni skrá yfir landfræðilegar merkingar brenndra drykkja og setja ítarlegar reglur um snið og innihald þessarar skrár; frekari skilyrði í tengslum við umsóknir um vernd landfræðilegrar merkingar og undanfarandi landsbundna málsmeðferð, grannskoðun af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, andmæla-meðferð og afturköllun landfræðilegra merkinga; skilyrði og kröfur er varða málsmeðferð varðandi breytingar á forskriftum fyrir afurðir og breytingar á og undanþágur frá tilteknum skilgreiningum og reglum um lýsingu, kynningu og merkingu. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtið. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum (Stjtið. EB L 160, 12.6.1989, bls. 1).

samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016⁽¹⁰⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá framkvæmdastjórnin og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

- 32) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar birtingu eina skjalsins í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og að því er varðar ákvarðanir um skráningu á heitum sem landfræðilegar merkingar þegar engin tilkynning um andmæli eða engin tæk rökstudd yfirlýsing um andmæli liggur fyrir, eða þegar tæk rökstudd yfirlýsing um andmæli liggur fyrir og samkomulag hefur náðst.
- 33) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar: reglurnar um notkun nýju sætuefnanna; upplýsingarnar sem aðildarríki leggja fram að því er varðar aðila sem tilnefndir eru til að hafa eftirlit með þroskunarferlinu; tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað í lýsingu, kynningu eða merkingu brenndra drykkja; notkun Evrópusambandstáknans fyrir verndaðar landfræðilegar merkingar; ítarlegar tæknireglur um tilvísunaraðferðir Sambandsins fyrir greiningu etanóls, eimis úr landbúnaði og brenndra drykkja; veitingu umbreytingartímabils fyrir notkun landfræðilegra merkinga og framlengingu slíks tímabils; synjun umsókna þar sem skilyrðin fyrir skráningu eru ekki þegar uppfyllt fyrir birtingu til andmæla; skráningu eða höfnun landfræðilegra merkinga sem birtar eru til andmæla ef andmæli hafa verið lögð fram og ekki var komist að samkomulagi; samþykki fyrir eða synjun á breytingum Sambandsins á forskrift fyrir afurð; samþykki fyrir eða synjun á beiðnum um afturköllun skráningar á landfræðilegri merkingu; snið forskriftar fyrir afurð og ráðstafanir varðandi upplýsingarnar sem skulu koma fram í forskrift fyrir afurð að því er varðar tengslin milli landsvæðis og fullunnu vörunnar; málsmeðferðarreglur, snið og kynning að því er varðar umsóknir, andmæli, umsóknir um breytingar og samskipti varðandi breytingar, og afturköllunarferlið varðandi landfræðilegar merkingar; eftirlit og sannprófanir sem aðildarríki sinna, sem og nauðsynlegar upplýsingar sem skiptast skal á að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011⁽¹¹⁾.
- 34) Til að tryggja framkvæmd samningsins milli Evrópusambandsins og Japans um efnahagslegt samstarf⁽¹²⁾ var nauðsynlegt að kveða á um undanþágu frá tilgreindu magni sem sett er fram í viðaukanum við tilskipun Evrópusambandsins og ráðsins 2007/45/EB⁽¹³⁾ fyrir brennda drykki til að heimila að setja eineimað *shochu*, sem er framleitt í eimingarkatli og átappað í Japan, á markað í Sambandinu í hefðbundnum japönskum flöskustærðum. Sú undanþága var innleidd með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1670⁽¹⁴⁾ og ætti að gilda áfram.
- 35) Með tilliti til eðlis og umfangs þeirra breytinga sem þarf að gera á reglugerð (EB) nr. 110/2008 er þörf á nýjum lagaramma á þessu sviði til að auka réttarvissu, skýrleika og gagnsæi. Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 110/2008 úr gildi.
- 36) Til að vernda lögmæta hagsmuni viðkomandi framleiðenda eða hagsmunaaðila að því er varðar ávinning af kynningunni sem einu skjölin fá með nýja lagarammanum ætti að gera kleift að birta einu skjölin varðandi landfræðilegar merkingar sem skráðar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkja.
- 37) Þar eð reglurnar um landfræðilegar merkingar auka vernd fyrir stjórnendur ættu þessar reglur að gilda í tvær vikur frá gildistöku þessarar reglugerðar. Þó ætti að kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda snurðulausa umbreytingu frá reglunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 110/2008 yfir í reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 330, 27.12.2018, bls. 3.

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB frá 5. september 2007 um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru, um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 75/106/EBE og 80/232/EBE og um breytingu á tilskipun ráðsins 76/211/EBE (Stjtið. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 17).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1670 frá 23. október 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 að því er varðar tilgreint magn til þess að setja eineimað *shochu*, sem er framleitt í eimingarkatli og átappað í Japan, á markað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 284, 12.11.2018, bls. 1).

- 38) Að því er varðar reglur sem varða ekki landfræðilegar merkingar ætti að gera ráðstafanir til að tryggja að nægilegur tími sé til að auðvelda snurðulausa umbreytingu frá reglunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 110/2008 yfir í reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 39) Setning fyrirbyggjandi birgða af brenndum drykkjum á markað ætti að vera heimil áfram eftir gildistökudag þessarar reglugerðar þangað til þær birgðir eru uppnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG FLOKKAR BRENNDRÁ DRYKKJA

1. gr.

Efni og gildissvið

- Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:
 - skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, sem og um vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum,
 - etanól og eimi sem eru notuð við framleiðslu á áfengum drykkjum og
 - notkun á lögheitum brenndra drykkja við kynningu og merkingu annarra matvæla en brenndra drykkja.
- Þessi reglugerð gildir um vörur sem um getur í 1. mgr. og eru settar á markað í Sambandinu, hvort sem þær eru framleiddar innan Sambandsins eða í þriðju löndum, sem og um þær sem eru framleiddar í Sambandinu til útflutnings.
- Að því er varðar vernd landfræðilegra merkinga gildir III. kafli þessarar reglugerðar einnig um vörur sem koma inn á tollsvæði Sambandsins án þess að þær séu afgreiddar í frjálst flæði þar.

2. gr.

Skilgreining og kröfur varðandi brennda drykki

Að því er varðar þessa reglugerð er brenndur drykkur áfengur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- hann er ætlaður til neyslu,
- hann býr yfir tilteknum skynmatseinkennum,
- hann hefur lágmarksalkóhólstyrkleika yfir 15% miðað við rúmmál, nema ef um er að ræða brennda drykki sem uppfylla kröfurnar í flokki 39 í I. viðauka,
- hann hefur verið framleiddur annaðhvort:
 - beint með því að nota, sitt í hvoru lagi eða saman, einhverja eftirfarandi aðferða:
 - eimingu, með eða án viðbættra bragðefna eða bragðgefandi matvæla, á gerjuðum afurðum,
 - leggja plöntuefni í bleyti eða meðhöndla þau á svipaðan hátt í etanóli úr landbúnaði, eimi úr landbúnaði eða brenndum drykkjum eða sambland af þessu,
 - bæta, sitt í hvoru lagi eða saman, í etanól úr landbúnaði, eimi úr landbúnaði eða brennda drykki einhverju af eftirfarandi:
 - bragðefnum sem eru notuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1334/2008,
 - litarefnum sem eru notuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1333/2008,
 - öðrum leyfðum innihaldsefnum sem eru notuð í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 1333/2008 og (EB) nr. 1334/2008,

- sætuefnum,
 - öðrum landbúnaðarafurðum,
 - matvælum, eða
- ii. með því að bæta í hann, sitt í hvoru lagi eða saman, einhverju af eftirfarandi:
- öðrum brenndum drykkjum,
 - etanóli úr landbúnaði,
 - eimi úr landbúnaði,
 - öðrum matvælum,
- e) hann fellur ekki undir SN-númer 2203, 2204, 2205, 2206 og 2207,
- f) ef vatni, sem má vera eimað, steinefnasneytt, afjónað eða mýkt, hefur verið bætt við í framleiðslu hans:
- i. eru gæði vatnsins í samræmi við tilskipun ráðsins 98/83/EB ⁽¹⁵⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB ⁽¹⁶⁾ og
 - ii. alkóhólstyrkleiki brennda drykkjarins er, eftir að vatninu hefur verið bætt við, enn í samræmi við lágmarksalkóhólstyrkleika miðað við rúmmál sem kveðið er á um í c-lið þessarar greinar eða samkvæmt viðkomandi flokki fyrir brennda drykki, eins og sett er fram í I. viðauka.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „lögheiti“: heitið sem brenndur drykkur er markaðssettur með, í skilningi n-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011,
- 2) „samsett hugtak“: samsetning í annaðhvort lögheiti sem er gefið upp í flokkum brenndra drykkja, sem eru settir fram í I. viðauka, eða landfræðilegri merkingu brennds drykkjar, sem allt alkóhólið í fullunni vörunni er fengið úr, í tengslum við lýsingu, kynningu og merkingu áfengs drykkjar, ásamt einu eða fleiri af eftirfarandi:
 - a) heiti eins eða fleiri matvæla annars en áfengs drykkjar og annarra en matvæla sem notuð eru til framleiðslu á viðkomandi brenndum drykk í samræmi við I. viðauka, eða lýsingarorð dregin af þessum heitum,
 - b) hugtakinu „líkjör“ eða „cream“,
- 3) „óbein tilvitnun“: bein eða óbein tilvísun til eins eða fleiri lögheita sem eru gefin upp í flokkum brenndra drykkja sem eru settir fram í I. viðauka eða til eins eða fleiri landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, annarra en tilvitnana í samsettu hugtaki eða skrá yfir innihaldsefni, eins og um getur í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr., í lýsingu, kynningu eða merkingu á:
 - a) matvælum, öðrum en brenndum drykkjum, eða
 - b) brenndum drykk sem uppfyllir kröfurnar í flokkum 33 til 40 í I. viðauka,
- 4) „landfræðileg merking“: merking sem tilgreinir að brenndur drykkur sé upprunninn á yfirráðasvæði tiltekins lands eða á svæði eða stað innan þess yfirráðasvæðis ef rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika hins brennda drykkjar í meginatriðum til landfræðilegs uppruna hans,
- 5) „forskrift fyrir afurð“: skjal sem fylgir umsókninni um vernd landfræðilegrar merkingar, þar sem settar eru fram þær nákvæmu skilgreiningar sem brenndi drykkurinn þarf að uppfylla, og var nefnt „tækniskjal“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008,

⁽¹⁵⁾ Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjttíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og setningu ölkelduvatns á markað (Stjttíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45).

- 6) „hópur“: hvers kyns samtök, án tillits til laglegs forms, sem er samsettur af framleiðendum eða vinnsluaðilum sem vinna með viðkomandi brennda drykki,
- 7) „samheiti“: heiti brennds drykkjar sem hefur orðið almennt og hefur orðið að almennu heiti á brenndum drykk innan Sambandsins þó að það tengist stað eða landsvæði þar sem brenndi drykkurinn var upphaflega framleiddur eða settur á markað,
- 8) „sjónsvið“: sjónsvið eins og það er skilgreint í k-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011,
- 9) „að setja saman“: að blanda brenndum drykk sem tilheyrir annaðhvort flokki brenndra drykkja, sem settir eru fram í I. viðauka, eða landfræðilegri merkingu saman við eitt eða fleiri af eftirfarandi:
 - a) aðra brennda drykki sem tilheyrir ekki sama flokki brenndra drykkja sem settur er fram í I. viðauka,
 - b) eimi úr landbúnaði,
 - c) etanól úr landbúnaði,
- 10) „samsetning“: brenndur drykkur sem hefur verið samsettur,
- 11) „að blanda“: að blanda saman tveimur eða fleiri brenndum drykkjum sem tilheyrir sama flokki og eru greinanlegir hver frá öðrum einungis á grundvelli lítils háttar mismunar í samsetningu vegna eins eða fleiri eftirtalinna atriða:
 - a) framleiðsluaðferðar,
 - b) eimingartækja,
 - c) þroskunar- eða geymslutíma,
 - d) landfræðilegs framleiðslusvæðis,brenndi drykkurinn, sem þannig fæst, fellur undir sama flokk og upphaflegu brenndu drykkirnir gerðu fyrir blöndun,
- 12) „blanda“: brenndur drykkur sem hefur gengist undir blöndun.

4. gr.

Tæknilegar skilgreiningar og kröfur

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi tæknilegar skilgreiningar og kröfur:

- 1) „lýsing“: þau hugtök sem notuð eru í merkingu, kynningu og á umbúðum brennds drykkjar, í skjölunum sem fylgja drykkjum í flutningi í viðskiptaskjölunum, einkum vörureikningunum og afhendingarseðlunum og í auglýsingum fyrir brenndan drykk,
- 2) „kynning“: þau hugtök sem notuð eru í merkingu og á umbúðum, sem og í auglýsingum og sölukynningum fyrir vöru, á myndum eða öðru slíku, sem og á ílátinu, þ.m.t. flaskan eða lokunarbúnaðurinn,
- 3) „merking“: hvers kyns orð, upplýsingar, vörumerki, tegundarheiti, myndrænt efni eða tákn sem tengist vöru og er sett á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja slíkri vöru eða vísa til hennar,
- 4) „merkimiði“: hvers kyns merkimiði, vöruheiti, merki, myndrænt efni eða annað lýsandi efni, hvort sem er ritað, prentað, stenslað, upphleyp, þrykkt eða fest á umbúðir eða ílát með matvælum,
- 5) „umbúðir“: umbúðir til hlífðar, öskjur, kassar, ílát og flöskur sem notuð eru í flutningi eða sölu á brenndum drykkjum,
- 6) „eiming“: skiljun með varmaferli með einu eða fleiri skiljunarþrepum sem er ætlað að ná fram tilteknum skynmats-einkennum eða hærri vínandastyrk eða bæði, án tillits til þess hvort slík þrep eiga sér stað við eðlilegan þrýsting eða -lofttæmi, vegna eimingartækisins sem er notað, og getur verið einföld eða margendurtekin eiming eða endureiming,
- 7) „eimi úr landbúnaði“: áfengur vökvi sem hefur orðið til við eimingu, að lokinni alkóhólgerjun, á landbúnaðarafurðum sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann, og hefur ekki eiginleika etanóls og heldur lykt og bragði hráefnanna sem eru notuð,

- 8) „að sæta“: að nota eitt eða fleiri sætuefni við framleiðslu á brenndum drykkjum,
- 9) „sætuefni“:
 - a) hálfunninn sykur, hvítur sykur, fínhreinsaður sykur, dextrósi, frúktósi, glúkósasíróp, sykurlausn, andsykurslausn og andsykurssíróp sem skilgreint er í A-hluta viðaukans við tilskipun ráðsins 2001/111/EB ⁽¹⁷⁾,
 - b) hreinsað þrúgumustþykkni, þrúgumustþykkni og ferskt þrúgumust,
 - c) brenndur sykur, sem er afurð sem er eingöngu fengin með stýrðri hitun á súkrósa án basa, ólífrænna sýra eða annarra efnafræðilegra aukefna,
 - d) hunang eins og það er skilgreint í 1. lið I. viðauka við tilskipun ráðsins 2001/110/EB ⁽¹⁸⁾,
 - e) karóbsíróp,
 - f) aðrar náttúrulegar sykrur sem hafa svipuð áhrif og vörurnar sem um getur í a- til e-lið,
- 10) „íblöndun vínanda“: blöndun etanóls úr landbúnaði eða eimis úr landbúnaði eða bæði í brenndan drykk; slík íblöndun nær ekki yfir notkun alkóhóls til þynningar eða uppleysingar á litarefnum, bragðefnum eða öðrum leyfðum innihaldsefnum sem notuð eru við framleiðslu á brenndum drykkjum,
- 11) „þroskun“ eða „geymsla“: að geyma brenndan drykk í viðeigandi ílátum í tiltekinn tíma í þeim tilgangi að leyfa þeim brennda drykk að verða fyrir eðlilegum efnahvörfum sem gefa honum sérstaka eiginleika,
- 12) „að bragðbæta“: viðbót bragðefna eða bragðgefandi matvæla við framleiðslu á brenndum drykk með einni eða fleiri af eftirfarandi vinnsluáðferðum: íblöndun, seyðingu, íbleytingu, alkóhólgerjun eða eimingu alkóhóls með bragðefnunum eða bragðgefandi matvælunum,
- 13) „bragðefni“: bragðefni eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008,
- 14) „bragðgefandi efni“: efni eins og það er skilgreint í b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008,
- 15) „náttúrulegt bragðgefandi efni“: náttúrulegt bragðgefandi efni eins og það er skilgreint í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1334/2008,
- 16) „bragðefnablanda“: bragðefnablanda eins og hún er skilgreind í d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1334/2008,
- 17) „annað bragðefni“: annað bragðefni eins og það er skilgreint í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008,
- 18) „bragðgefandi matvæli“: matvæli eins og þau eru skilgreind 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽¹⁹⁾ og sem eru notuð í framleiðslu á brenndum drykkjum í þeim megintilgangi að bragðbæta brenndu drykkina,
- 19) „að lita“: notkun eins eða fleiri litarefna við framleiðslu á brenndum drykk,
- 20) „litarefni“: litarefni eins og þau eru skilgreind í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008,
- 21) „karamellubrúnn“: aukefni í matvælum sem samsvarar E-númerum E 150a, E 150b, E150c eða E 150d og vísar til afurða sem eru að meira eða minna leyti í sterkum brúnum litum og ætlaðar til litunar, eins og um getur í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008; það vísar ekki til sykurenndrar, bragðbætandi afurðar sem fengin er með hitun sykurs og notuð sem bragðefni,
- 22) „önnur leyfð innihaldsefni“: matvælaaukefni með bragðgefandi eiginleika, sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1334/2008 og matvælaaukefni, önnur en litarefni, sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008,

⁽¹⁷⁾ Tilskipun ráðsins 2001/111/EB frá 20. desember 2001 varðandi tilteknar sykrur til manneldis (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 23) „alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“: hlutfall hreins alkóhóls í vöru við 20 °C miðað við heildarrúmmál vörunnar við sama hitastig,
- 24) „innihald rokgjarnra efna“: það magn rokgjarnra efna, annarra en etanóls og metanóls, í brenndum drykk, sem eingöngu er framleiddur með eimingu.

5. gr.

Skilgreining og kröfur varðandi etanól úr landbúnaði

Að því er varðar þessa reglugerð er etanól úr landbúnaði vökvi sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- a) það hefur fengist eingöngu úr afurðum sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann,
- b) eina merkjanlega bragðið er af hráefninu sem er notað við framleiðslu þess,
- c) lágmarksalkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál er 96%,
- d) hámarksgildi leifa fara ekki yfir eftirfarandi:
 - i. heildarsýruinnihald (gefið upp sem ediksýra): 1,5 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - ii. estrar (gefnir upp sem etýlasetat): 1,3 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - iii. aldehyð (gefin upp sem asetaldehýð): 0,5 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - iv. stærri alkóhól (gefin upp sem 2-metýl-1-própanól): 0,5 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - v. metanól: 30 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - vi. þurrefni: 1,5 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - vii. rokgjarnir basar sem innihalda köfnunarefni (gefnir upp sem köfnunarefni): 0,1 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - viii. fúrfúral: ógreinanlegt.

6. gr.

Etanól og eimi sem er notað við framleiðslu á áfengum drykkjum

1. Etanólið og eimið sem er notað við framleiðslu á brenndum drykkjum skal einvörðungu vera landbúnaðarafurð í skilningi I. viðauka við sáttmálann.
2. Ekki skal nota annað alkóhól en etanól úr landbúnaði, eimi úr landbúnaði eða brennda drykki í flokki 1 til 13 í I. viðauka til að þynna eða leysa upp litarefni, bragðefni eða önnur leyfð innihaldsefni sem eru notuð við framleiðslu á áfengum drykkjum. Alkóhólið sem er notað til að þynna eða leysa upp litarefni, bragðefni eða önnur leyfð innihaldsefni skal eingöngu notað í því magni sem er bráðnauðsynlegt í þeim tilgangi.
3. Áfengir drykkir skulu hvorki innihalda tilbúið alkóhól né annan vínanda sem ekki er úr landbúnaði, í skilningi I. viðauka við sáttmálann.

7. gr.

Flokkar brenndra drykkja

1. Brenndir drykkir skulu flokkaðir í samræmi við almennu reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein og sértæku reglurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka.
2. Með fyrirvara um sértæku reglurnar, sem mælt er fyrir um fyrir hvern af flokkum brenndra drykkja í I. viðauka sem bera númer frá 1 til 14, skulu brenndir drykkir í þeim flokkum:
 - a) vera framleiddir með alkóhólgerjun og eimingu einvörðungu á þeim hráefnum sem kveðið er á um í samsvarandi flokki brenndra drykkja í I. viðauka,

- b) ekki vera með viðbættum vínanda, hvort sem hann er þynntur eða ekki,
 - c) ekki vera bragðbættir,
 - d) ekki vera litaðir nema með karamellubrúnum sem er notaður eingöngu til litaaðlögunar fyrir þessa brenndu drykki,
 - e) ekki vera sættir nema til að stilla endanlegt bragð vörunnar; hámarksinnihald sætuefna, gefið upp sem andsykur, skal ekki fara yfir efri mörkin sem sett eru fram fyrir hvern flokk í I. viðauka,
 - f) ekki innihalda aðrar viðbætur en heila, óunna hluti úr hráefninu sem vínandinn fæst úr og sem eru aðallega notaðir til skreytinga.
3. Með fyrirvara um sértæku reglunar, sem mælt er fyrir um fyrir hvern af flokkum brenndra drykkja í I. viðauka sem bera númer frá 15 til 44, mega brenndir drykkir í þeim flokkum:
- a) vera framleiddir úr öllum þeim hráefnum úr landbúnaði sem tilgreind eru í I. viðauka við sáttmálann,
 - b) vera með viðbættum vínanda,
 - c) innihalda bragðefni, náttúruleg bragðefni, bragðefnablöndur og bragðgefandi matvæli,
 - d) vera litaðir,
 - e) vera sættir.
4. Með fyrirvara um sértæku reglunar, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, mega brenndir drykkir sem samræmast ekki sértæku reglunum sem mælt er fyrir um fyrir hvern af flokkunum sem settir eru fram í I. viðauka:
- a) vera framleiddir úr einhverju þeirra hráefna úr landbúnaði sem tilgreind eru í I. viðauka við sáttmálann eða matvælum eða bæði,
 - b) vera með viðbættum vínanda,
 - c) vera bragðbættir,
 - d) vera litaðir,
 - e) vera sættir.

8. gr.

Framselt vald og framkvæmdarvald

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að breyta þessari reglugerð með því að innleiða breytingar á tæknilegum skilgreiningum og kröfum sem mælt er fyrir um í f-lið 2. gr. og í 4. og 5. gr.

Framseldu gerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu einskorðast við að uppfylla þarfir sem leiða af breytingum á kröfum neytenda, tækniframförum eða þörfinni fyrir nýsköpun afurða.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda, framselda gerð að því er varðar hverja tæknilega skilgreiningu eða kröfu sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að mæla fyrir um, í undantekningartilvikum, ef slíks er krafist í lögum þriðja lands sem er innflutningsland, undanþágur frá kröfunum sem settar eru fram í f-lið 2. gr. og í 4. og 5. gr., frá kröfunum fyrir flokka brenndra drykkja sem settar eru fram í I. viðauka og frá sértæku reglunum er varða brennda drykki sem settar eru fram í II. viðauka.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að tilgreina hvaða önnur náttúruleg efni eða hráefni úr landbúnaði, sem hafa svipuð áhrif og vörunar sem um getur í a- til e-lið 9. mgr. 4. gr., eru leyfð í öllu Sambandinu sem sætuefni við framleiðslu á brenndum drykkjum.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framkvæmdargerðum, samræmdar reglur um notkun annarra náttúrulegra efna eða hráefna úr landbúnaði, sem eru leyfð með framseldum gerðum, sem sætuefni við framleiðslu á brenndum drykkjum eins og um getur í 3. mgr., einkum til að ákvarða viðkomandi breytistuðla fyrir sætun. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

II. KAFLI

LÝSING, KYNNING OG MERKING BRENNDRA DRYKKJA OG NOTKUN HEITA BRENNDRA DRYKKJA Í KYNNINGU OG MERKINGU ANNARRA MATVÆLA

9. gr.

Kynning og merking

Brenndir drykkir sem settir eru á markað í Sambandinu skulu uppfylla kröfur er varða kynningu og merkingu sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

10. gr.

Lögheiti brenndra drykkja

1. Heiti brennds drykkjar skal vera lögheiti hans.

Brenndir drykkir skulu bera lögheiti í lýsingu, kynningu og merkingu.

Lögheiti skulu koma skýrt og sýnilega fram á merkimiða brennda drykkjarins og þeim skal ekki skipta út eða breyta.

2. Brenndir drykkir sem uppfylla kröfurnar fyrir flokk brenndra drykkja sem settur er fram í I. viðauka skulu bera heiti þess flokks sem lögheiti, nema í þeim flokki sé heimilt að nota annað lögheiti.

3. Brenndur drykkur sem uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um fyrir neinn flokk brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka skal bera lögheitið „brenndur drykkur“.

4. Setja má brenndan drykk, sem uppfyllir kröfurnar varðandi fleiri en einn flokk brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka, á markað með einu eða fleiri þeirra lögheita sem kveðið er á um samkvæmt þeim flokkum í I. viðauka.

5. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar er heimilt, að því er varðar lögheiti brennds drykkjar:

a) að bæta við það eða skipta því út fyrir landfræðilega merkingu sem um getur í III. kafla. Í því tilviki má bæta frekar við landfræðilegu merkinguna hverju því hugtaki sem er leyft í viðkomandi forskrift fyrir afurð, að því tilskildu að slíkt villi ekki um fyrir neytendum, og

b) að skipta því út fyrir samsett hugtak sem inniheldur hugtakið „líkjör“ eða „cream“, að því tilskildu að fullunna varan uppfylli kröfurnar fyrir flokk 33 í I. viðauka.

6. Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 og um sértæku reglurnar sem mælt er fyrir um fyrir flokka brenndra drykkja í I. viðauka við þessa reglugerð er heimilt að bæta við lögheiti brennds drykkjar:

a) heiti eða landfræðilegri vísun sem kveðið er á um í lögum og stjórnisýslufyrirmælum sem gilda í aðildarríkinu þar sem brenndi drykkurinn er settur á markað, að því tilskildu að slíkt villi ekki um fyrir neytendum,

b) venjubundnu heiti, eins og það er skilgreint í o-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011, að því tilskildu að slíkt villi ekki um fyrir neytendum,

c) samsettu hugtaki eða óbeinni tilvitnun í samræmi við 11. og 12. gr.,

d) hugtakinu „blöndun“ eða „blandaður“, að því tilskildu að brenndi drykkurinn hafi verið blandaður,

e) hugtakinu „samsetning“, „samsettur“ eða „samsettur brenndur drykkur“, að því tilskildu að brenndi drykkurinn hafi verið samsettur eða

f) hugtakinu „þurr“ eða „dry“, nema ef um er að ræða brennda drykki sem uppfylla kröfurnar fyrir flokk 2 í I. viðauka, með fyrirvara um sértæku kröfurnar sem mælt er fyrir um í flokkum 20 til 22 í I. viðauka, og að því tilskildu að brenndi drykkurinn hafi ekki verið sættur, ekki einu sinni til bragðstillingar. Þrátt fyrir fyrsta hluta þessa liðar má bæta hugtakinu „þurr“ eða „dry“ við lögheiti brenndra drykkja sem uppfylla kröfurnar fyrir flokk 33 og hafa því verið sættir.

7. Með fyrirvara um 11. og 12. gr. og 13. gr. (2., 3. og 4. mgr.) skal banna notkun lögheitanna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar eða landfræðilegra merkinga í lýsingu, kynningu eða merkingu allra drykkja sem uppfylla ekki kröfurnar fyrir viðkomandi flokk sem settur er fram í I. viðauka eða fyrir viðkomandi landfræðilega merkingu. Bannið skal einnig gilda ef slík lögheiti eða landfræðilegar merkingar eru notuð í tengslum við orð eða setningar s.s. „gerð“, „tegund“, „áþekkur“, „framleiddur“, „bragð“ eða einhver önnur svipuð hugtök.

Með fyrirvara um 1. mgr. 12. gr. mega bragðefni sem líkjast brenndum drykk, eða notkun þeirra við framleiðslu á öðrum matvælum en drykkjarvörum, bera, í kynningu og merkingu, tilvísanir í lögheiti sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að við slík lögheiti bætist hugtakið „bragð“ eða önnur svipuð hugtök. Ekki skal nota landfræðilegar merkingar til að lýsa slíkum bragðefnum.

11. gr.

Samsett hugtök

1. Í lýsingu, kynningu og merkingu á áfengum drykk skal annaðhvort notkun lögheitis, sem kveðið er á um í flokkum brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka, eða landfræðilegrar merkingar fyrir brennda drykki leyfð með því skilyrði að:

- alkóhólið sem notað er við framleiðslu á áfenga drykknum sé einvörðungu úr þeim brennda drykk sem vísað er til í samsetta hugtakinu, að undanskildu alkóhólinu sem getur fundist í bragðefnum, litarefnum eða öðrum leyfðum innihaldsefnum sem notuð eru við framleiðslu á þeim áfenga drykk, og
- brenndi drykkurinn hafi ekki verið þynntur með því að bæta eingöngu við vatni þannig að alkóhólstyrkleikinn sé undir lágmarksstyrkleikanum, sem kveðið er á um í viðeigandi flokki brenndra drykkja sem settur er fram í I. viðauka.

2. Með fyrirvara um lögheitin sem kveðið er á um í 10. gr. skulu hugtökin „vínandi“, „áfengi“, „drykkur“, „brenndur drykkur“ og „vatn“ ekki koma fyrir í samsettu hugtaki sem lýsir áfengum drykk.

3. Samsett hugtök sem lýsa áfengum drykk skulu:

- birtast með samræmdum bókstöfum í sömu leturgerð, stærð og lit,
- ekki brotin upp með neinum texta eða myndrænum þætti sem ekki er hluti af þeim og
- ekki vera með stærra letri en letrið sem notað er fyrir heiti áfenga drykkjarins.

12. gr.

Óbeinar tilvitnanir

1. Í kynningu og merkingu annarra matvæla en áfengra drykkja skal óbein tilvitnun í lögheiti, sem kveðið er á um í einum eða fleiri flokkum brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka, eða í eina eða fleiri landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki leyfð með því skilyrði að alkóhólið sem notað er við framleiðslu matvæla sé einvörðungu úr þeim brennda drykk eða brenndu drykkjum sem vísað er til í óbeinu tilvitnuninni, að undanskildu alkóhóli sem getur fundist í bragðefnum, litarefnum eða öðrum leyfðum innihaldsefnum sem notuð eru við framleiðslu á þeim matvælum.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013⁽²⁰⁾ og (ESB) nr. 251/2014⁽²¹⁾ skal óbein tilvitnun í kynningu og merkingu áfengs drykkjar, annars en brennds drykkjar, í lögheiti sem kveðið er á um í einum eða fleiri flokkum brenndra drykkja, sem settir eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, eða í eina eða fleiri landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki leyfð með því skilyrði að:

- viðbætt alkóhól sé einvörðungu úr brennda drykknum eða brenndu drykkjunum sem vísað er til í óbeinu tilvitnuninni og
- hlutfall hvers áfengs innihaldsefnis sé tilgreint a.m.k. einu sinni á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin, í lækkandi röð miðað við notað magn. Þetta hlutfall skal svara til hundraðshlutans af hreinu alkóhóli, miðað við rúmmál, sem hlutdeild þess er í heildarinnihaldi af hreinu alkóhóli í fullunnu vörunni, miðað við rúmmál.

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínaferðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjtið. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14).

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 13. gr. skal óbein tilvitnun til lögheita, sem gefin eru upp í einum eða fleiri flokkum brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka, eða til einnar eða fleiri landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki leyfð í lýsingu, kynningu og merkingu brennds drykkjar, sem uppfyllir kröfurnar fyrir flokka 33 til 40 í I. viðauka, með því skilyrði að:

- a) viðbætt alkóhól sé einvörðungu úr brennda drykkjum eða brenndu drykkjunum sem vísað er til í óbeinu tilvitnuninni,
- b) hlutfall hvers áfengs innihaldsefnis sé tilgreint a.m.k. einu sinni á sama sjónsviði og óbeina tilvitnunin, í lækandi röð miðað við notað magn. Þetta hlutfall skal svara til hundraðshlutans af hreinu alkóhóli, miðað við rúmmál, sem hlutdeild þess er í heildarinnihaldi af hreinu alkóhóli í fullunnu vörunni, miðað við rúmmál og
- c) hugtakið „cream“ komi ekki fram í lögheiti brennds drykkjar sem uppfyllir kröfurnar fyrir flokka 33 til 40 í I. viðauka eða í lögheiti brennda drykkjarins eða brenndu drykkjanna sem vísað er til í óbeinu tilvitnuninni.

4. Óbeinu tilvitnanirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu:

- a) ekki vera í sömu línu og heiti áfenga drykkjarins og
- b) birtast í leturstærð sem er ekki stærri en hálf sú leturstærð sem er notuð fyrir heiti áfenga drykkjarins og, ef samsett hugtök eru notuð, í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem notuð er fyrir slík samsett hugtök, í samræmi við c-lið 3. mgr. 11. gr.

13. gr.

Viðbótarreglur um lýsingu, kynningu og merkingu

1. Í lýsingu, kynningu og merkingu brennds drykkjar má einungis vísa til þeirra hráefna sem notuð eru til að framleiða etanólið eða eimið úr landbúnaði sem er notað við framleiðslu á brennda drykkjum ef etanólið eða eimið hefur eingöngu fengist úr þeim hráefnum. Í þeim tilvikum skal tilgreina hverja tegund etanóls eða eimis úr landbúnaði í lækandi röð miðað við magn hreins alkóhóls miðað við rúmmál.

2. Lögheitin, sem um getur í 10. gr., mega koma fram á skrá yfir innihaldsefni í matvælum, að því tilskildu að skráin samræmist 18.–22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011.

3. Ef um er að ræða samsetningu eða blöndu mega lögheiti, sem kveðið er á um í flokkum brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka, eða landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki eingöngu koma fram á skrá yfir áfeng innihaldsefni sem birtist á sama sjónsviði og lögheiti brennda drykkjarins.

Í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein skal skránni yfir áfeng innihaldsefni fylgja a.m.k. eitt þeirra hugtaka sem um getur í d- og e-lið 6. mgr. 10. gr. Skráin yfir áfeng innihaldsefni og meðfylgjandi hugtak skulu birtast saman á sama sjónsviði og lögheiti brennda drykkjarins, með samræmdum bókstöfum í sömu leturgerð og lit og í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem notuð er fyrir lögheitið.

Auk þess skal hlutfall hvers áfengs innihaldsefnis í skránni yfir áfeng innihaldsefni gefin upp a.m.k. einu sinni sem hundraðshluti, í lækandi röð miðað við notað magn. Þetta hlutfall skal svara til hundraðshlutans af hreinu alkóhóli, miðað við rúmmál, sem hlutdeild þess er í heildarinnihaldi af hreinu alkóhóli í blöndunni, miðað við rúmmál.

Þessi málsgrein skal ekki gilda um blöndur sem gerðar eru úr brenndum drykkjum sem tilheyra sömu landfræðilegu merkingunni eða blöndum þar sem enginn brenndu drykkjanna tilheyrir landfræðilegri merkingu.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar skal samsetning, sem uppfyllir kröfurnar varðandi einn af flokkum brenndu drykkjanna sem settir eru fram í I. viðauka, bera lögheitið sem kveðið er á um í viðkomandi flokki.

Í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein mega lögheitin, sem sett eru fram í I. viðauka, eða landfræðilegar merkingar sem eiga við um brenndu drykkina sem samsetningin inniheldur koma fram í lýsingu, kynningu eða merkingu samsetningarinnar, að því tilskildu að heitin komi fram:

- a) eingöngu á skrá yfir öll áfeng innihaldsefni sem samsetningin inniheldur og skulu koma fram með samræmdum bókstöfum í sömu leturgerð og í sama lit og í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem notuð er fyrir lögheitið og
- b) á sama sjónsviði og lögheiti samsetningarinnar a.m.k. einu sinni.

Auk þess skal hlutfall hvers áfengs innihaldsefnis í skránni yfir áfeng innihaldsefni gefin upp a.m.k. einu sinni sem hundraðshluti, í lækkandi röð miðað við notað magn. Þetta hlutfall skal svara til hundraðshlutans af hreinu alkóhóli, miðað við rúmmál, sem hlutdeild þess er í heildarinnihaldi af hreinu alkóhóli í blöndunni, miðað við rúmmál.

5. Notkun á heitum hráefna úr plönturíkinu, sem eru notuð sem lögheiti fyrir tiltekna brennda drykki, skal ekki hafa áhrif á notkun heita þeirra hráefna úr plönturíkinu í lýsingu og merkingu annarra matvæla. Heiti slíkra hráefna má nota í lýsingu, kynningu eða merkingu annarra brenndra drykkja, að því tilskildu að notkunin villi ekki um fyrir neytendum.

6. Tilgreina má þroskunartíma eða aldur í lýsingu, kynningu eða merkingu brennds drykkjar einungis ef hann vísar til yngsta áfenga efnisþáttarins í brennda drykknum og í öllum tilvikum að því tilskildu að allar aðferðir til að láta brennda drykkinn þroskast hafi farið fram undir eftirliti skattayfirvalda eða eftirliti sem veitir jafngilda ábyrgð. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót opinberri skrá yfir aðilana sem hvert aðildarríki tilnefnir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum.

7. Lögheiti brennds drykkjar skal koma fram í rafræna stjórnsýsluskjalinu sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2009⁽²²⁾. Ef þroskunartími eða aldur er tilgreindur í lýsingu, kynningu eða merkingu brennda drykkjarins skal hans einnig getið í því stjórnsýsluskjali.

14. gr.

Tilgreining á upprunastað

1. Þegar upprunastaður brennds drykkjar, annar en landfræðileg merking eða vörumerki, er tilgreindur í lýsingu, kynningu eða merkingu skal hann samsvara þeim stað eða því svæði þar sem það þrep í framleiðsluferli fór fram er veitti fullunna brennda drykknum sérkenni sín og mikilvæga lokaeginleika sína.

2. Að því er varðar brennda drykki skal þess ekki krafist að upprunaland eða upprunastaður megininnihaldsefnisins, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, sé tilgreindur.

15. gr.

Tungumál sem notað er fyrir heiti brenndra drykkja

1. Hugtökín sem tilgreind eru með skálettri í I. og II. viðauka og landfræðilegar merkingar skulu hvorki þýdd á merkimiða né í lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., ef um er að ræða brennda drykki sem eru framleiddir í Sambandinu og ætlaðir til útflutnings, mega þýðingar og umritanir á annað tungumál eða stafróf fylgja hugtökunum sem um getur í 1. mgr. og landfræðilegum merkingum, að því tilskildu að slík hugtök og landfræðilegar merkingar á frummálinu séu ekki falin.

16. gr.

Notkun á Evrópusambandstákni fyrir landfræðilegar merkingar

Nota má Evrópusambandstáknið fyrir verndaðar landfræðilegar merkingar, sem var komið á fót skv. 7. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012, í lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja þar sem heitin eru landfræðilegar merkingar.

17. gr.

Bann við hettum og þynnum sem innihalda blý

Ekki skal geyma brennda drykki með það fyrir augum að selja þá eða setja þá á markað í ílátum sem eru með lokunarbúnaði sem hulinn er með hettum eða þynnum sem innihalda blý.

⁽²²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2008/118/EB að því er varðar málsmeðferðarreglur á tölvutæku formi um flutning vara sem bera vörugjald með tímabundinni frestun á vörugjaldi (Stjttíð. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 24).

18. gr.

Tilvísunargreiningaraðferðir Sambandsins

1. Ef greina á etanól úr landbúnaði, eimi úr landbúnaði eða brennda drykki til að sannreyna að þau samræmist þessari reglugerð skal slík greining vera í samræmi við tilvísunargreiningaraðferðir Sambandsins til að ákvarða efna- og eðlisfræðilega samsetningu þeirra og skynmatseiginleika.

Leyfa skal aðrar greiningaraðferðir, á ábyrgð yfirmanns rannsóknarstofu, með því skilyrði að nákvæmni, endurtekningarnákvæmni og samanburðarnákvæmni aðferðanna sé að minnsta kosti samsvarandi viðeigandi tilvísunargreiningaraðferðum Sambandsins.

2. Þegar ekki er mælt fyrir um tilvísunargreiningaraðferðir Sambandsins til að greina og magnákværða efni sem tiltekinn brenndur drykkur inniheldur skulu eftirfarandi aðferðir notaðar:

- a) greiningaraðferðir sem hafa verið fullgiltar með alþjóðlega viðurkenndum aðferðum og uppfylla einkum þær viðmiðanir sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽²³⁾.
- b) greiningaraðferðir sem eru í samræmi við samþykka staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO),
- c) greiningaraðferðir sem eru viðurkenndar og birtar af Alþjóðavínstofnuninni eða
- d) ef aðferð sem um getur í a-, b- eða c-lið er ekki notuð af ástæðum er varða nákvæmni, endurtekningarnákvæmni og samanburðarnákvæmni:

— greiningaraðferð sem er samþykkt af hlutaðeigandi aðildarríki,

— ef þörf krefur, hvers kyns önnur viðeigandi greiningaraðferð.

19. gr.

Framselt vald

1. Til að taka tillit til hefðbundins virks þroskunarferlis fyrir *brandy* í aðildarríkjum sem er þekkt sem „*criaderas y solera*“ eða „*solera e criaderas*“, eins og sett er fram í III. viðauka, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að:

- a) mæla fyrir um undanþágur frá 6. mgr. 13. gr. að því er varðar forskriftina fyrir þroskunartíma eða aldur í lýsingunni, kynningunni eða merkingunni á slíku *brandy* og
- b) koma á fót viðeigandi eftirlitskerfi fyrir slíkt *brandy*.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa reglugerð að því er varðar að koma á fót opinberri skrá yfir aðila sem hvert aðildarríki tilnefnir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum eins og kveðið er á um í 6. mgr. 13. gr.

20. gr.

Framkvæmdarvald

Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, samþykkt:

- a) reglur sem eru nauðsynlegar fyrir samskipti aðildarríkjanna að því er varðar þá aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum í samræmi við 6. mgr. 13. gr.,
- b) samræmdar reglur til að tilgreina upprunaland eða upprunastað í lýsingu, kynningu eða merkingu brenndra drykkja sem um getur í 14. gr.,

⁽²³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

- c) reglur um notkun Evrópusambandstáknisins sem um getur í 16. gr. í lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja,
- d) ítarlegar tæknireglur um tilvísunargreiningaraðferðir Sambandsins sem um getur í 18. gr.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

III. KAFLI

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

21. gr.

Vernd landfræðilegra merkinga

1. Allir stjórnendur sem setja brenndan drykk á markað, sem er framleiddur í samræmi við samsvarandi forskrift fyrir afurð, mega nota landfræðilegar merkingar sem eru verndaðar samkvæmt þessari reglugerð.
2. Landfræðilegar merkingar sem eru verndaðar samkvæmt þessari reglugerð skulu verndaðar gegn:
 - a) allri beinni eða óbeinni notkun á skráðu heiti í viðskiptalegum tilgangi, að því er varðar vörur sem falla ekki undir skráninguna, ef þessar vörur eru sambærilegar vörunum sem eru skráðar undir því heiti eða ef notkun heitisins felur í sér að hagnast sé á orðspori verndaða heitisins, þ.m.t. ef þær vörur eru notaðar sem innihaldsefni,
 - b) allri misnotkun, eftirlíkingu eða sköpun hugrenningatengsla, jafnvel þó að hinn rétti uppruni varanna eða þjónustu sé tilgreindur eða verndaða heitið er þýtt eða því fylgir orðalag s.s. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag, þ.m.t. þegar vörunar eru notaðar sem innihaldsefni,
 - c) allri annarri rangri eða villandi vísun til tilkomu, uppruna, eðlis eða grundvallareiginleika vörunnar í lýsingu, kynningu eða merkingu vörunnar, sem líklegt er að muni skapa ranghugmynd um uppruna vörunnar,
 - d) öllu öðru sem líklegt er að geti villt um fyrir neytendum að því er varðar réttan uppruna vörunnar.
3. Landfræðilegar merkingar sem eru verndaðar samkvæmt þessari reglugerð skulu ekki verða almennar í Sambandinu.
4. Verndin sem um getur í 2. mgr. skal einnig gilda að því er varðar vörur sem koma inn á tollsvæði Sambandsins án þess að þær séu afgreiddar í frjálst flæði þar.

22. gr.

Forskrift fyrir afurð

1. Landfræðileg merking sem er vernduð samkvæmt þessari reglugerð skal uppfylla forskrift fyrir afurð sem skal innihalda a.m.k.:
 - a) heitið sem á að vernda sem landfræðilega merkingu, eins og það er notað hvort sem það er í viðskiptum eða almennu tali, einungis á þeim tungumálum sem eru eða voru sögulega notuð til að lýsa þessari tilteknu afurð á afmarkaða landsvæðinu, með upprunalegu lettri og umritun með latneskum rittáknum ef letrið er ólíkt,
 - b) flokk brennda drykkjarins eða hugtakið „brenndur drykkur“ ef brenndi drykkurinn uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um fyrir flokka brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka,
 - c) lýsingu á eiginleikum brennda drykkjarins, þ.m.t. hráefnunum sem hann er framleiddur úr, ef við á, sem og helstu eðlisfræðilegu og efnafræðilegu eiginleikum eða skynmatseinkennum vörunnar og sérstökum eiginleikum vörunnar í samanburði við brennda drykki í sama flokki,
 - d) skilgreiningu á landsvæðinu sem er afmarkað að því er varðar tengslin sem um getur í f-lið,
 - e) lýsingu á aðferðinni við framleiðslu brennda drykkjarins og, eftir því sem við á, upprunalegu og hefðbundnu staðbundnu framleiðsluaðferðunum,

- f) upplýsingar sem staðfesta tengsl milli tiltekinna gæða, orðspors eða annars eiginleika brennda drykkjarins og landfræðilegs uppruna hans,
- g) heiti og heimilisföng lögbærra yfirvalda eða, ef þau liggja fyrir, heiti og heimilisföng þeirra aðila sem sannprófa að farið sé að ákvæðum forskriftarinnar fyrir afurðina skv. 38. gr. og sérstök störf þeirra,
- h) allar sértækar reglur um merkingar fyrir landfræðilegu merkinguna sem um er að ræða.

Eftir atvikum skulu kröfur varðandi umbúðir koma fram í forskriftinni fyrir afurðina, ásamt rökstuðningi sem sýnir af hverju þökkunin skal fara fram innan skilgreinds landsvæðis til að vernda gæði, til að tryggja uppruna eða til að tryggja eftirlit, með tilliti til löggjafar Sambandsins, einkum löggjafar Sambandsins um frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi.

2. Tækniskjöl sem eru lögð fram fyrir 8. júní 2019 sem hluti umsóknar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008 ættu að teljast forskriftir fyrir afurð samkvæmt þessari grein.

23. gr.

Innihald umsóknar um skráningu á landfræðilegri merkingu

1. Umsókn um skráningu á landfræðilegri merkingu skv. 5. eða 8. mgr. 24. gr. skal innihalda a.m.k.:
 - a) heiti og heimilisfang umsækjendahóps og lögbærra yfirvalda eða, ef þau liggja fyrir, þeirra aðila sem sannreyna að farið sé að ákvæðum forskriftarinnar fyrir afurðina,
 - b) forskriftina fyrir afurð sem kveðið er á um í 22. gr.,
 - c) eitt skjal þar sem eftirfarandi er sett fram:
 - i. helstu atriði forskriftarinnar fyrir afurðina, þ.m.t. heitið sem á að vernda, flokkurinn sem brenndi drykkurinn tilheyrir eða hugtakið „brenndur drykkur“, framleiðsluaðferðin, lýsing á eiginleikum brennda drykkjarins, nákvæm skilgreining á landsvæðinu og, eftir því sem við á, sértækar reglur varðandi umbúðir og merkingu,
 - ii. lýsing á tengslunum milli brennda drykkjarins og landfræðilegs uppruna hans eins og um getur í 4. lið 3. gr., þ.m.t., eftir því sem við á, sérstakir þættir afurðalýsingarinnar eða framleiðsluaðferðarinnar sem réttlæta tengslin.

Umsókn eins og um getur í 8. mgr. 24. gr. skal einnig innihalda tilvísunina í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina og sönnun þess að heiti afurðarinnar er verndað í upprunalandi hennar.

2. Umsóknargögn eins og um getur í 7. mgr. 24. gr. skulu innihalda:
 - a) heiti og heimilisfang umsækjendahóps,
 - b) eina skjalið sem um getur í c- lið 1. mgr. þessarar greinar,
 - c) yfirlýsingu frá aðildarríkinu um að það telji að umsóknin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð og ákvæðin sem samþykkt hafa verið í samræmi við hana,
 - d) tilvísunin í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina.

24. gr.

Umsókn um skráningu á landfræðilegri merkingu

1. Umsóknir um skráningu á landfræðilegri merkingu samkvæmt þessum kafla mega einungis hópar sem vinna með brenndan drykk leggja fram fyrir þann brennda drykk sem heitið á er tillagt til skráningar.
2. Yfirvald sem aðildarríki tilnefnir getur talist hópur, að því er varðar þennan kafla, ef ekki er mögulegt að viðkomandi framleiðendur myndi hóp vegna fjölda þeirra, landfræðilegrar staðsetningar eða skipulagseiginleika. Í slíkum tilvikum skulu þessar ástæður koma fram í umsóknargögnunum sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

3. Einstaklingur eða lögaðili getur talist hópur að því er varðar þennan kafla ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) viðkomandi einstaklingur er eini framleiðandinn sem er reiðubúinn til að leggja fram umsókn og
- b) einkenni skilgreinda landsvæðisins eru talsvert ólík einkennum aðliggjandi svæða, eiginleikar brennda drykkjarins eru ólíkir eiginleikum brenndra drykkja sem framleiddir eru á aðliggjandi svæðum eða brenndi drykkurinn hefur tiltekin gæði, orðspor eða önnur einkenni sem er greinilega hægt að tengja við landfræðilegan uppruna hans.

4. Ef um er að ræða landfræðilega merkingu sem auðkennir landsvæði yfir landamæri geta nokkrir hópar úr mismunandi aðildarríkjum eða þriðju löndum lagt fram sameiginlega umsókn um skráningu.

Þegar lögð er fram sameiginleg umsókn skal viðkomandi aðildarríki eða umsækjendahópur í viðkomandi þriðja landi leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda þessa þriðja lands, að höfðu samráði við öll yfirvöld og alla umsækjendahópa sem um er að ræða. Sameiginlega umsóknin skal innihalda yfirlýsinguna sem um getur í c-lið 2. mgr. 23. gr. frá öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. skulu uppfylltar í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum og þriðju löndum.

Ef um er að ræða sameiginlegar umsóknir skal viðeigandi landsbundin andmælameðferð fara fram í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

5. Ef umsóknin tengist landsvæði í aðildarríki skal umsóknin lögð fyrir yfirvöldin í því aðildarríki.

Aðildarríkið skal grannskoða umsóknina með viðeigandi aðferðum til að ganga úr skugga um að hún sé rökstudd og að hún uppfylli kröfurnar í þessum kafla.

6. Sem hluta af grannskoðuninni sem um getur í öðrum undirlið 5. mgr. skal aðildarríkið hefja landsbundna andmælameðferð sem tryggir fullnægjandi birtingu umsóknarinnar sem um getur í 5. mgr. og veitir einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa lögmatra hagsmuna að gæta og sem hafa búsetu eða eru með staðfestu á yfirráðasvæðum aðildarríkisins, hæfilega langan tíma til að leggja fram andmæli við umsókninni.

Aðildarríkið skal athuga lögmati hvers konar andmæla sem berast í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 28. mgr.

7. Ef aðildarríkið telur, að loknu mati á andmælum sem hafa borist, að kröfurnar í þessum kafla séu uppfylltar getur það tekið jákvæða ákvörðun og lagt umsóknargögn fyrir framkvæmdastjórnina. Í því tilviki skal aðildarríkið upplýsa framkvæmdastjórnina um tæk andmæli sem borist hafa frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa löglega markaðssett viðkomandi vörur með heitunum sem um ræðir samfleytt í a.m.k. fimm ár fyrir birtingardaginn sem um getur í 6. mgr. Aðildarríki skulu einnig halda framkvæmdastjórninni upplýstri um öll landsbundin dómsmál sem gætu haft áhrif á málsmeðferð við skráningu.

Aðildarríkið skal tryggja að þegar það tekur jákvæða ákvörðun samkvæmt fyrstu undirgrein sé sú ákvörðun birt opinberlega og að allir einstaklingar og lögaðilar sem hafa lögmatra hagsmuna að gæta hafi tækifæri til að leggja fram andmæli.

Aðildarríkið skal tryggja að sú útgáfa forskriftarinnar fyrir afurðina sem jákvæða ákvörðunin byggist á sé birt og skal veita rafrænan aðgang að forskriftinni fyrir afurðinni.

Aðildarríkið skal einnig tryggja fullnægjandi birtingu þeirrar útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina sem framkvæmdastjórnin byggir ákvörðun sína á skv. 2. mgr. 26. gr.

8. Ef umsóknin tengist landsvæði í þriðja landi skal leggja umsóknina fyrir framkvæmdastjórnina, annaðhvort beint eða í gegnum yfirvöld þriðja landsins.

9. Skjölín sem um getur í þessari grein, sem send eru framkvæmdastjórninni, skulu vera á einu af opinberum tungumálum Sambandsins.

25. gr.

Landsbundin vernd til bráðabirgða

1. Aðildarríki getur, til bráðabirgða eingöngu, veitt heiti landsbundna vernd samkvæmt þessum kafla frá og með þeim degi þegar umsókn er lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

- Slíkri landsbundinni vernd skal ljúka á þeim degi þegar annaðhvort ákvörðun um skráningu samkvæmt þessum kafla er tekin eða umsóknin er dregin til baka.
- Hlutaðeigandi aðildarríki ber alfarið ábyrgð á afleiðingum slíkrar landsbundinnar verndar þegar heiti er ekki skráð samkvæmt þessum kafla.
- Ráðstafanir sem aðildarríki gera skv. 1. mgr. skulu eingöngu hafa áhrif á landsbundnum vettvangi og skulu ekki hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins eða á alþjóðaviðskipti.

26. gr.

Grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar og birting vegna andmæla

1. Framkvæmdastjórnin skal grannskoða með viðeigandi hætti allar umsóknir sem henni berast skv. 24. gr. til að ganga úr skugga um að þær séu rökstuddar, uppfylli kröfurnar í þessum kafla og að tekið hafi verið tillit til hagsmuna hagsmunaaðila utan umsóknaraðildarríkisins. Slík grannskoðun skal grundvallast á eina skjalinu sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr. og skal fela í sér athugun á því að engar augljósar villur séu í umsókninni og skal, að meginreglu til, ekki taka lengri tíma en sex mánuði. Ef farið er yfir þessi tímamörk skal framkvæmdastjórnin þó án tafar upplýsa umsækjandann skriflega um ástæðurnar fyrir þessari töf.

Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega, a.m.k. mánaðarlega, skrána yfir þau heiti sem henni hafa borist umsóknir um skráningu fyrir, auk dagsetninga afhendingar viðkomandi umsókna. Skráin skal einnig innihalda nafn þess aðildarríkis eða þriðja lands sem umsóknin barst frá.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli grannskoðunarinnar sem gerð var samkvæmt fyrsta undirlið 1. mgr., að kröfurnar í þessum kafla hafi verið uppfylltar skal hún birta eina skjalið sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr. og tilvísunina í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

27. gr.

Andmælameðferð

1. Innan þriggja mánaða frá birtingardegi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* geta yfirvöld aðildarríkis eða þriðja lands eða einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta og eru búsettir eða hafa staðfestu í þriðja landi, lagt fram tilkynningu um andmæli.

Allir einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta og eru búsettir eða hafa staðfestu í öðru aðildarríki en því sem umsóknin barst frá, geta lagt tilkynningu um andmæli fyrir aðildarríkið þar sem sá aðili er búsettur eða hefur staðfestu, innan tímafrests til að leggja fram andmæli samkvæmt fyrstu undirgrein.

Tilkynning um andmæli skal innihalda yfirlýsingu um að umsóknin gæti brotið í bága við kröfurnar í þessum kafla.

Tilkynning um andmæli sem inniheldur ekki slíka yfirlýsingu skal vera ógild.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar áframsenda tilkynninguna um andmæli til yfirvaldsins eða aðilans sem lagði fram umsóknina.

2. Ef tilkynning um andmæli er lögð fyrir framkvæmdastjórnina og henni fylgir, innan tveggja mánaða, rökstudd yfirlýsing um andmæli skal framkvæmdastjórnin athuga lögmæti þessarar rökstuddu yfirlýsingar um andmæli.

3. Innan tveggja mánaða frá móttöku tækrar rökstuddrar yfirlýsingar um andmæli skal framkvæmdastjórnin bjóða yfirvaldinu eða einstaklingnum sem lagði andmælin fram og yfirvaldinu eða aðilanum sem lagði umsóknina fram að taka þátt í viðeigandi samráði á tímabili sem skal ekki vera lengra en þrjár mánuðir. Tímabilið hefst á þeim degi þegar boðið berst hlutaðeigandi aðilum á rafrænu formi.

Yfirvaldið eða einstaklingurinn sem lagði fram andmælin og yfirvaldið eða aðilinn sem lagði fram umsóknina skulu hefja slíkt viðeigandi samráð án ótilhlýðilegrar tafar. Þeir skulu skiptast á viðeigandi upplýsingum til að meta hvort umsóknin um skráningu uppfyllir kröfurnar í þessum kafla. Náist ekki samkomulag skal einnig upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

Nái hlutaðeigandi aðilar samkomulagi skulu yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins sem umsóknin barst frá tilkynna framkvæmdastjórninni um alla þá þætti sem gerðu þeim kleift að ná þessu samkomulagi, þ.m.t. álit umsækjandans og yfirvalda aðildarríkis eða þriðja lands, eða annarra einstaklinga eða lögaðila sem lögðu fram andmæli.

Án tillits til þess hvort samkomulag náðist eður ei skal tilkynningin berast framkvæmdastjórninni innan mánaðar frá því að samráðinu lýkur.

Framkvæmdastjórnin getur, að fenginni beiðni frá umsækjandanum, hvenær sem er á þessum þremur mánuðum framlengt frest til samráðs um að hámarki þrjá mánuði.

4. Ef upplýsingum sem birtar eru í samræmi við 2. mgr. 26. gr. er breytt í veigamiklum atriðum í kjölfar viðeigandi samráðs, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin endurtaka grannskoðunina sem um getur í 26. gr.

5. Tilkynningin um andmæli, rökstudda yfirlýsingin um andmæli og tengd skjöl sem eru send framkvæmdastjórninni í samræmi við 1.–4. mgr. skulu vera á einu af opinberum tungumálum Sambandsins.

28. gr.

Ástæður fyrir andmælum

1. Rökstudd yfirlýsing um andmæli, eins og um getur í 2. mgr. 27. gr., skal eingöngu tæk ef hún berst framkvæmdastjórninni innan tímamarkanna sem sett eru fram í þeirri grein og ef þar er sýnt fram á að:

- a) fyrirhuguð landfræðileg merking uppfylli ekki skilgreininguna í 4. lið 3. gr. eða kröfurnar sem um getur í 22. gr.,
- b) skráning á tillagðri landfræðilegri merkingu myndi brjóta í bága við 34. eða 35. gr.,
- c) skráning á fyrirhugaðri landfræðilegri merkingu myndi stofna í hættu tilvist heitis eða vörumerkis sem er að öllu leyti eða að hluta til eins og hefur verið löglega á markaðnum í a.m.k. fimm ár fyrir birtingardaginn sem kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. eða
- d) kröfurnar sem um getur í 31. og 32. gr. eru ekki uppfylltar.

2. Meta skal ástæður fyrir andmælum í tengslum við yfirráðasvæði Sambandsins.

29. gr.

Umbreytingartímabil fyrir notkun landfræðilegra merkinga

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að veita umbreytingartímabil í allt að fimm ár til að brenndir drykkir, sem eru upprunnir í aðildarríki eða þriðja landi og bera heiti sem gengur gegn ákvæði 2. mgr. 21. gr., geti haldið áfram að bera þá merkingu sem notuð var við setningu þeirra á markað með því skilyrði að í tækri yfirlýsingu um andmæli skv. 6. mgr. 24. gr. eða 27. gr. sé sýnt fram á að skráning heitisins myndi stefna í hættu tilvist:

- a) algerlega eins heitis eða samsetts heitis þar sem eitt hugtak er eins og heitið sem á að skrá eða
- b) annarra heita, sem svipa til heitisins sem á að skrá, sem vísa til brenndra drykkja sem hafa verið löglega á markaðnum í a.m.k. fimm ár fyrir birtingardaginn sem kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

2. Með fyrirvara um 36. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem umbreytingartímabilið, sem veitt er skv. 1. mgr., er framlengt í allt að 15 ár eða til að leyfa áframhaldandi notkun í allt að 15 ár í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að því tilskildu að sýnt sé fram á að:

- a) merkingin sem um getur í 1. mgr. hafi verið samfleytt í löglegri og rétttri notkun í a.m.k. 25 ár áður en umsókn um skráningu var lögð fyrir framkvæmdastjórnina,

- b) tilgangurinn með notkun merkingarinnar sem um getur í 1. mgr. hafi aldrei verið að hagnast á orðspori skráðu landfræðilegu merkingarinnar og
- c) hvorki sé villt fyrir um neytendum né gæti komið til þess að því er varðar réttan uppruna afurðarinnar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

3. Ef merking sem um getur í 1. og 2. mgr. er notuð skal tilgreining upprunalands koma skýrt og sýnilega fram á merkimiðanum.

30. gr.

Ákvörðun um skráningu

1. Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga úr grannskoðuninni, sem gerð var samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 26. gr., að skilyrðin fyrir skráningu á tillagðri landfræðilegri merkingu séu ekki uppfyllt skal hún upplýsa viðkomandi umsækjanda frá aðildarríki eða þriðja landi um ástæðurnar fyrir synjuninni og gefa honum tvo mánuði til að leggja fram athugasemdir. Ef framkvæmdastjórninni berast engar athugasemdir eða ef hún telur enn, þrátt fyrir athugasemdirnar sem bárust, að skilyrðin fyrir skráningu séu ekki uppfyllt skal hún, með framkvæmdargerðum, hafna umsókninni nema umsóknin sé dregin til baka. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.
2. Ef framkvæmdastjórninni berst engin tilkynning um andmæli eða engin tæk rökstudd yfirlýsing um andmæli skv. 27. gr. skal hún samþykkja framkvæmdargerðir, án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 47. gr., til að skrá heitið.
3. Ef framkvæmdastjórninni berst tæk rökstudd yfirlýsing um andmæli skal hún, í kjölfar viðeigandi samráðs sem um getur í 3. mgr. 27. gr. og með tilliti til niðurstaðna úr því, annaðhvort:
 - a) hafi samkomulag náðst, skrá heitið með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. mgr. 47. gr., sé beitt og, ef nauðsyn krefur, breyta upplýsingunum sem birtar eru skv. 2. mgr. 26. gr., að því tilskildu að slíkar breytingar séu óverulegar, eða
 - b) hafi samkomulag ekki náðst, samþykkja framkvæmdargerðir um ákvörðun um skráningu. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.
4. Gerðir um skráningu og ákvarðanir um synjun skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gerðin um skráningu skal veita landfræðilegu merkingunni þá vernd sem um getur í 21. gr.

31. gr.

Breyting á forskrift fyrir afurð

1. Hver sá hópur sem hefur lögmatra hagsmuna að gæta getur sótt um samþykki fyrir breytingu á forskrift fyrir afurð. Í umsóknum skal lýsa þeim breytingum sem óskað er eftir og rökstyðja þær.
2. Breytingar á forskrift fyrir afurð skiptast í tvo flokka að því er varðar mikilvægi þeirra:
 - a) breytingar á vegum Sambandsins sem krefjast andmælameðferðar á vettvangi Sambandsins,
 - b) almennar breytingar sem fjallað er um á vettvangi aðildarríkis eða þriðja lands.
3. Breyting skal teljast breyting á vegum Sambandsins ef hún:
 - a) felur í sér breytingu á heiti eða hluta heitis landfræðilegu merkingarinnar sem skráð er samkvæmt þessari reglugerð,
 - b) inniheldur breytingu á lögheiti eða flokki brennda drykkjarins,

- c) felur í sér þá áhættu að ógilda tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika brennda drykkjarins sem rekja má í meginatriðum til landfræðilegs uppruna hans, eða
- d) felur í sér frekari takmarkanir á setningu afurðarinnar á markað.

Allar aðrar breytingar skulu teljast almennar breytingar.

Almenn breyting skal einnig teljast tímabundin breyting ef hún varðar tímabundna breytingu á forskriftinni fyrir afurðina vegna álagðra ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna af hálfu opinberra yfirvalda eða tengist náttúruhamföllum eða óhagstæðum veðurskilyrðum sem lögbær yfirvöld hafa viðurkennt formlega.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja breytingar Sambandsins. Málsmeðferð við samþykki skal fylgja, að breyttu breytanda, málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 24. gr. og í 26.–30. gr. Umsóknir um breytingar Sambandsins sem þriðja land eða framleiðendur í þriðja landi leggja fram skulu innihalda sönnun þess að breytingin sem óskað er eftir sé í samræmi við lög um vernd landfræðilegra merkinga sem gilda í því þriðja landi.
5. Almennar breytingar skulu samþykktar af aðildarríkinu þar sem landsvæði viðkomandi afurðar er staðsett. Að því er varðar þriðju lönd skal samþykkja breytingar í samræmi við lög sem gilda í viðkomandi þriðja landi.
6. Grannskoðun umsóknarinnar um breytingu skal eingöngu fjalla um tillögðu breytinguna.

32. gr.

Afturköllun

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að eigin frumkvæði eða að fenginni beiðni einstaklinga eða lögaðila sem hafa lögmatra hagsmuna að gæta, að samþykkja framkvæmdargerðir til að afturkalla skráningu á landfræðilegri merkingu í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef ekki er lengur unnt að tryggja að kröfurnar varðandi forskriftina fyrir afurðina séu uppfylltar,
- b) ef engin afurð hefur verið sett á markað með landfræðilegu merkingunni í a.m.k. sjö ár samfelld.

Ákvæði 24., 26., 27., 28. og 30. gr. gilda að breyttu breytanda um afturköllunarferlið.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt, að beiðni framleiðanda brennda drykkjarins sem er markaðssettur með skráðu landfræðilegu merkingunni, að samþykkja framkvæmdargerðir til afturköllunar á viðkomandi skráningu.
3. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin, áður en hún samþykkir framkvæmdargerðina, hafa samráð við yfirvöld aðildarríkisins, yfirvöld þriðja landsins eða, ef unnt er, framleiðandann úr þriðja landi sem sótti upphaflega um skráningu á viðkomandi landfræðilegri merkingu nema þessir upphaflegu umsækjendur óski beint eftir afturkölluninni.
4. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

33. gr.

Skrá yfir landfræðilegar merkingar brenndra drykkja

1. Eigi síðar en 8. júní 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að koma á fót rafrænni skrá, sem er aðgengileg almenningi og haldið uppfærðri, yfir landfræðilegar merkingar brenndra drykkja sem eru viðurkenndir samkvæmt þessu kerfi (hér á eftir nefnd „skráin“).
2. Heiti landfræðilegrar merkingar skal skráð með upprunalega letrinu. Ef upprunalega letrið er ekki með latneskum rittáknum skal einnig umrita það með latneskum rittáknum og skrá það þannig ásamt heitinu með upprunalega letrinu.

Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem eru skráðar samkvæmt þessum kafla skal í skránni veittur beinn aðgangur að einu skjölunum og skal skráin einnig innihalda tilvísun í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina.

Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem eru skráðar fyrir 8. júní 2019 skal í skránni veittur beinn aðgangur að meginskilgreiningunum í tækniskjalinu, eins og sett er fram í 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa málsgrein með því að mæla fyrir um frekari ítarlegar reglur um snið og innihald skrárinnar.

3. Færa má inn í skrána landfræðilegar merkingar brenndra drykkja sem eru framleiddir í þriðju löndum, sem njóta verndar í Sambandinu samkvæmt alþjóðasamningi sem Sambandið er aðili að.

34. gr.

Einsheita, landfræðilegar merkingar

1. Ef heiti, sem umsókn er lögð fram fyrir, er að öllu leyti eða hluta til einsheiti við heiti sem þegar er skráð samkvæmt þessari reglugerð skal það skráð, að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinnar og hefðbundinnar notkunar og hættu á ruglingi.

2. Einsheiti, sem kemur neytendum til að halda að afurðin komi frá öðru yfirráðasvæði, skal ekki skráð jafnvel þó að heitið sé nákvæmt að því er varðar hið raunverulega yfirráðasvæði, landsvæði eða upprunasvæði þessara afurða.

3. Notkun á skráðri, einsheita landfræðilegri merkingu skal háð því að nægilegur munur sé í raun milli einsheitisins, sem skráð er síðar, og heitisins sem var fyrir í skránni, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla alla viðkomandi framleiðendur á sama hátt og til að komast hjá því að villa um fyrir neytandanum.

4. Vernd landfræðilegra merkinga brenndra drykkja sem um getur í 21. gr. þessarar reglugerðar skal ekki hafa áhrif á verndaðar landfræðilegar merkingar og upprunatáknanir fyrir afurðir samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 1308/2013 og (ESB) nr. 251/2014.

35. gr.

Sérstakar ástæður fyrir synjun um vernd

1. Almenn heiti skal ekki njóta verndar sem landfræðileg merking.

Til að ganga úr skugga um hvort heiti sé orðið almennt heiti skal taka tillit til allra þátta sem skipta máli, einkum:

- a) aðstæðna sem eru fyrir hendi í Sambandinu, einkum á neyslusvæðum,
- b) viðeigandi löggjafar Sambandsins eða landslöggjafar.

2. Heiti skal ekki njóta verndar sem landfræðileg merking ef, í ljósi orðspors og orðstírs vörumerkis, vernd er líkleg til að villa um fyrir neytendum að því er varðar raunverulegan uppruna brennda drykkjarins.

3. Heiti skal einungis njóta verndar sem landfræðileg merking ef framleiðsluþreppin, sem gefa brennda drykknum þau gæði, það orðspor eða aðra eiginleika sem rekja má í meginatriðum til landfræðilegs uppruna hans, fara fram á viðeigandi landsvæði.

36. gr.

Vensl milli vörumerkja og landfræðilegra merkinga

1. Hafna skal skráningu vörumerkis eða hún ógilt ef notkun þess svarar til eða myndi svara til einhverra af þeim aðstæðum sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

2. Halda má áfram að nota og endurnýja vörumerki, sem hefur verið sótt um, hefur verið skráð eða það hefur öðlast þegnrett vegna notkunar í góðri trú innan yfirráðasvæðis Sambandsins, ef kveðið er á um þann möguleika í viðkomandi löggjöf, fyrir þá dagsetningu þegar umsókn um vernd landfræðilegu merkingarinnar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina, þó að notkun þess svari til einnar eða fleiri af þeim aðstæðum sem um getur í 2. mgr. 21. gr. þrátt fyrir skráningu landfræðilegrar merkingar, að því tilskildu að ekki séu fyrir hendi forsendur fyrir ógildingu hennar eða niðurfellingu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 ⁽²⁴⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1001 ⁽²⁵⁾.

37. gr.

Gildandi skráðar landfræðilegar merkingar

Landfræðilegar merkingar brenndra drykkja, sem skráðar eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 og njóta því verndar samkvæmt þeirri reglugerð, skulu sjálfkrafa njóta verndar sem landfræðilegar merkingar samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal færa þær í skrána sem um getur í 33. gr. þessarar reglugerðar.

38. gr.

Sannprófun á að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina

1. Aðildarríki skulu taka saman skrá yfir stjórnendur sem framleiða brennda drykki með landfræðilegri merkingu, sem er skráð samkvæmt þessari reglugerð, og halda henni uppfærðri.

2. Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem auðkenna brennda drykki sem eru upprunnir í Sambandinu og sem eru skráðar samkvæmt þessari reglugerð skal sannprófun á að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina, sem um getur í 22. gr., áður en afurðin er sett á markað, innt af hendi af:

- a) einu eða fleiri lögbærum yfirvöldum sem um getur í 1. mgr. 43. gr. eða
- b) eftirlitsaðilum í skilningi 5. liðar annarrar undirgreinar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, sem starfa sem vottunaraðilar fyrir afurðir.

Ef aðildarríki beitir 2. mgr. 24. gr. skal sannprófun á að farið sé að forskriftinni fyrir afurð tryggð af öðru yfirvaldi en því sem telst vera hópur samkvæmt þeirri málsgrein.

Þrátt fyrir landslög aðildarríkjanna geta stjórnendurnir sem sæta eftirlitinu borið kostnaðinn af sannprófun á að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina.

3. Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem auðkenna brennda drykki sem eru upprunnir í þriðja landi og sem eru skráðar samkvæmt þessari reglugerð skal sannprófun á að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina, áður en afurðin er sett á markað, innt af hendi af:

- a) opinberu yfirvaldi sem þriðja landið tilnefnir eða
- b) vottunaraðila fyrir afurðir.

4. Aðildarríki skulu birta opinberlega heiti og heimilisföng lögbæru yfirvaldanna og aðilanna sem um getur í 2. mgr. og uppfæra upplýsingarnar reglulega.

Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega heiti og heimilisfang lögbæru yfirvaldanna og aðilanna sem um getur í 3. mgr. og uppfæra upplýsingarnar reglulega.

5. Eftirlitsaðilarnir sem um getur í b-lið 2. mgr. og vottunaraðilarnir fyrir afurðir sem um getur í b-lið 3. mgr. skulu virða Evrópustaðal ISO/IEC 17065:2012 og vera faggiltir í samræmi við hann eða aðra gildandi síðari útgáfu eða breytta útgáfu hans.

⁽²⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 frá 16. desember 2015 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki (Stjúd. ESB L 336, 23.12.2015, bls. 1).

⁽²⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1001 frá 14. júní 2017 um Evrópuvörumerkið (Stjúd. ESB L 154, 16.6.2017, bls. 1).

6. Lögbær yfirvöld, sem um getur í 2. og 3. mgr., sem staðfesta að landfræðileg merking sem nýtur verndar samkvæmt þessari reglugerð sé í samræmi við forskriftina fyrir afurðina skulu vera hlutlæg og óhlutdræg. Þau skulu hafa yfir að ráða sérmenntuðu starfsfólki og þeim tilföngum sem þarf til að sinna störfum sínum.

39. gr.

Eftirlit með notkun heita á markaðnum

1. Aðildarríki skulu framkvæma eftirlit á grundvelli áhættugreiningar að því er varðar notkun landfræðilegu merkinganna, sem skráðar eru samkvæmt þessari reglugerð, á markaðnum og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir ef upp koma brot á kröfunum í þessum kafla.

2. Aðildarríki skulu taka viðeigandi stjórnsýsluleg og lagaleg skref til að koma í veg fyrir eða stöðva ólöglega notkun heita á afurðum eða þjónustu sem er framleidd eða sett á markað á þeirra yfirráðasvæði og falla undir landfræðilegu merkingarnar sem skráðar eru samkvæmt þessari reglugerð.

Í þessu skyni skulu aðildarríki tilnefna yfirvöld sem bera ábyrgð á að taka þessi skref í samræmi við málsmeðferðarreglur sem hvert aðildarríki fyrir sig ákvarðar.

Þessi yfirvöld skulu leggja fram viðeigandi tryggingar fyrir hlutlægni sinni og óhlutdrægni og hafa yfir að ráða sérmenntuðu starfsfólki og þeim tilföngum sem þarf til að sinna störfum sínum.

3. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um heiti og heimilisföng lögbæru yfirvaldanna sem bera ábyrgð á eftirliti, að því er varðar notkun heita á markaðnum, og eru tilnefnd í samræmi við 43. gr. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega heiti og heimilisföng þessarra yfirvalda.

40. gr.

Málsmeðferð og kröfur, skipulag og skýrslugjöf um eftirlitsstarfsemi

1. Málsmeðferðarreglur og kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 882/2004 skulu gilda að breyttu breytanda um eftirlitið sem kveðið er á um í 38. og 39. gr. þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríki skulu tryggja að aðgerðir vegna eftirlits með skyldum samkvæmt þessum kafla séu sérstaklega nefndar í sérstökum lið innan landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára í samræmi við 41.–43. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

3. Ársskýrslurnar sem um getur í 1. mgr. 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skulu innihalda, í sérstökum lið, upplýsingarnar sem um getur í því ákvæði að því er varðar eftirlit með skyldum sem komið er á með þessari reglugerð.

41. gr.

Framselt vald

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að setja fram frekari skilyrði sem skal fara eftir, þ.m.t. í tilvikum þegar landsvæði nær yfir fleiri en eitt land, að því er varðar:

a) umsókn um skráningu á landfræðilegri merkingu eins og um getur í 23. og 24. gr. og

b) undanfarandi landsbundna málsmeðferð eins og um getur í 24. gr., grannskoðun af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, andmælameðferð og afturköllun á landfræðilegum merkingum.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að fastsetja skilyrði og kröfur fyrir málsmeðferð varðandi breytingar Sambandsins og almennar breytingar, þ.m.t. tímabundnar breytingar, á forskriftum fyrir afurð eins og um getur í 31. gr.

42. gr.

Framkvæmdarvald

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur sem varða:
 - a) form forskriftar fyrir afurð, sem um getur í 22. gr., og ráðstafanir varðandi upplýsingarnar sem eiga að koma fram í forskriftinni fyrir afurðina að því er varðar tengsl milli landsvæðisins og fullunnu vörunnar eins og um getur í f-lið 1. mgr. 22. gr.,
 - b) málsmeðferðarreglur, form og kynningu að því er varðar andmæli eins og um getur í 27. og 28. gr.,
 - c) form og kynningu á umsóknum um breytingar á vegum Sambandsins og á tilkynningum varðandi almennar og tímabundnar breytingar eins og um getur í 4. og 5. mgr. 31. gr., eftir því sem við á,
 - d) málsmeðferðarreglur og form að því er varðar afturköllunarferlið sem um getur í 32. gr. sem og um kynningu á beiðnum um afturköllun og
 - e) athuganirnar og sannprófanirnar sem aðildarríkin skulu framkvæma, þ.m.t. prófanir, eins og um getur í 38. gr.
2. Eigi síðar en 8. júní 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur varðandi málsmeðferðarreglur, form og kynningu að því er varðar umsóknir eins og um getur í 23. og 24. gr., þ.m.t. að því er varðar umsóknir sem varða fleiri en eitt landsbundið yfirráðasvæði.
3. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

IV. KAFLI

EFTIRLIT, UPPLÝSINGASKIPTI, LÖGGJÖF AÐILDARRÍKJANNA

43. gr.

Eftirlit með brenndum drykkjum

1. Aðildarríkin bera ábyrgð á eftirliti með brenndum drykkjum. Þau skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og tilnefna lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.
2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og skal, ef nauðsyn krefur, samþykkja, með framkvæmdargerðum, reglur varðandi stjórnsýslueftirlit og eftirlit með ástandi sem aðildarríkin skulu framkvæma að því er varðar skyldurnar sem leiða af beitingu þessarar reglugerðar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

44. gr.

Upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu veita öðru þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna beitingar þessarar reglugerðar.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir varðandi eðli og gerð upplýsinganna sem skipst skal á og varðandi aðferðir við að skiptast á upplýsingum.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

45. gr.

Löggjöf aðildarríkja

1. Þegar aðildarríki beita gæðastefnu fyrir brennda drykki, sem eru framleiddir á yfirráðasvæði þeirra, og einkum fyrir landfræðilegar merkingar sem eru tilgreindar í skránni eða til að vernda nýjar landfræðilegar merkingar mega þau mæla fyrir um strangari reglur en þær sem koma fram í I. og II. viðauka um framleiðslu, lýsingu, kynningu og merkingu, að því tilskildu að þær samræmist lögum Sambandsins.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin ekki banna eða takmarka innflutning, sölu eða neyslu á brenndum drykkjum, sem eru framleiddir í öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, sem samræmast þessari reglugerð.

V. KAFLI

FRAMSAL VALDS, FRAMKVÆMDARÁKVÆÐI, UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

1. ÞÁTTUR

Framsals valds og framkvæmdarákvæði

46. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 8. og 19. gr., í sjö ár frá 24. maí 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sjö ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 33. og 41. gr., í fimm ár frá 24. maí 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
4. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 50. gr., í sex ár frá 24. maí 2019.
5. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 8., 19., 33., 41. og 50. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
6. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
7. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
8. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 8., 19., 33., 41. og 50. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

47. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um brennda drykki sem komið var á fót með reglugerð (EBE) nr. 1576/89. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. ÞÁTTUR

Undanþága, umbreytingar- og lokaákvæði

48. gr.

Undanþága frá kröfum um tilgreint magn í tilskipun 2007/45/EB

Þrátt fyrir 3. gr. tilskipunar 2007/45/EB og sjöttu línu í 1. lið viðaukans við þá tilskipun er heimilt að setja eimað *shochu*,⁽²⁶⁾ sem er framleitt í eimingarkatli og átappað í Japan, á markað í Sambandinu í tilgreindu magni sem nemur 720 ml og 1800 ml.

49. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EB) nr. 110/2008 er felld úr gildi frá og með 25. maí 2021, með fyrirvara um 50. gr. Þó er III. kafli hennar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir eftirfarandi:
 - a) ákvæði 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 gilda áfram til 25. maí 2021,
 - b) ákvæði 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 og, með fyrirvara um gildissvið annarra ákvæða í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013⁽²⁷⁾, 9. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar gilda áfram þangað til málsmeðferðinni, sem kveðið er á um í 9. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, lýkur en í öllu falli ekki lengur en til 25. maí 2021 og
 - c) ákvæði III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 gilda áfram þangað til skránni, sem um getur í 33. gr. þessarar reglugerðar, hefur verið komið á fót.
3. Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 110/2008 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka við þessa reglugerð.

50. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Halda má áfram að setja á markað brennda drykki sem ekki uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð en uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 110/2008 og voru framleiddir fyrir 25. maí 2021, þangað til birgðir eru uppunar.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar má halda áfram að setja brennda drykki, ef lýsing, kynning eða merking þeirra er ekki í samræmi við 21. og 36. gr. þessarar reglugerðar en er í samræmi við 16. og 23. gr. reglugerðar (EB) 110/2008 og sem voru merktir fyrir 8. júní 2019, á markað þangað til birgðir eru uppunar.
3. Framkvæmdastjórninni er falið vald, til 25. maí 2025, til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 46 gr., um breytingu á 3. gr. (2., 3., 9., 10., 11. og 12. mgr.), 10. gr. (6. og 7 mgr.) og 11., 12. og 13. gr. eða til að bæta við þessa reglugerð með því að veita undanþágu frá þessum ákvæðum.

Framseldu gerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu einskórðast við að uppfylla þarfir sem koma fram vegna markaðsaðstæðna.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda framselda gerð að því er varðar hverja skilgreiningu, tæknilega skilgreiningu eða kröfu í ákvæðunum sem um getur í fyrstu undirgrein.

⁽²⁶⁾ Eins og um getur í viðauka 2-D við samninginn milli Evrópusambandsins og Japans um efnahagslega samvinnu.

⁽²⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjttíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

4. Ákvæði 22.–26., 31. og 32. gr. þessarar reglugerðar skulu ekki gilda um umsóknir um skráningu eða um breytingu eða um beiðni um afturköllun sem liggja fyrir 8. júní 2019. Ákvæði 17. gr. (4., 5. og 6. mgr.), 18. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 gilda áfram um slíkar umsóknir og beiðni um afturköllun.

Ákvæðin um andmælameðferðina, sem um getur í 27., 28. og 29. gr. þessarar reglugerðar, skulu ekki gilda um umsóknir um skráningu eða um umsóknir um breytingu þar sem meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu eða umsókninni um breytingu, eftir því sem við á, hafa þegar verið birtar til andmæla í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* 8. júní 2019. Ákvæði 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 gilda áfram um slíkar umsóknir.

Ákvæðin um andmælameðferðina, sem um getur í 27., 28. og 29. gr. þessarar reglugerðar, skulu ekki gilda um beiðni um afturköllun sem liggur fyrir 8. júní 2019. Ákvæði 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 gilda áfram um slíkar beiðni um afturköllun.

5. Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem eru skráðar skv. III. kafla þessarar reglugerðar og þar sem umsókn um skráningu lá fyrir þann dag þegar framkvæmdargerðir, þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um málsmeðferðarreglur, form og kynningu að því er varðar umsóknir eins og um getur í 23. gr. og kveðið er á um í 42. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar, koma til framkvæmda er heimilt að veita beinan aðgang að meginskilgreiningum í tækniskjalinu í skránni í skilningi 17. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

6. Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem eru skráðar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 skal framkvæmdastjórnin, að fenginni beiðni frá aðildarríki, birta eina skjalið, sem aðildarríkið lagði fram, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þessari birtingu skal fylgja tilvísun í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina en henni skal ekki fylgja andmælameðferð.

51. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., skulu 14. gr. (2. mgr.), 16. gr., 20. gr. (c-liður), 21., 22. og 23. gr., 24. gr. (1., 2. og 3. mgr., fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr., 8. og 9. mgr.), 25.–42. gr., 46. og 47. gr., 50. gr. (1., 4. og 6. mgr.) og 39. liður (d-liður) og 40. liður (d-liður) í I. viðauka og skilgreiningarnar sem settar eru fram í 3. gr., að því er varðar þessi ákvæði, gilda frá og með 8. júní 2019.

3. Framseldu gerðirnar sem kveðið er á um í 8., 19. og 50. gr., sem eru samþykktar í samræmi við 46. gr., og framkvæmdargerðirnar sem kveðið er á um í 8. gr. (4. mgr.) og 20., 43. og 44. gr., sem eru samþykktar í samræmi við 47. gr., skulu gilda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 17. apríl 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.

I. VIÐAUKI

FLOKKAR BRENNDRA DRYKKJA

1. Romm

- a) Romm er brenndur drykkur sem er eingöngu framleiddur með eimingu afurðar sem fengist hefur með alkóhólgerjun melassa eða síróps, sem verður til við framleiðslu á reyrsykri, eða úr safu sykurreys og er eimað að styrkleika sem er undir 96% miðað við rúmmál þannig að eimið fái sérstök skynmatseinkenni romms.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Romm má ekki vera bragðbætt.
- e) Romm má einungis innihalda viðbættan karamellubrunan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má romm til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- g) Ef um er að ræða landfræðilegar merkingar sem eru skráðar samkvæmt þessari reglugerð má bæta við lögheiti romms:
 - i. hugtakinu „*traditionnel*“ eða „*tradicional*“, að því tilskildu að rommið sem um er að ræða:
 - hafi verið framleitt með eimingu að hámarki að 90% miðað við rúmmál, að undangenginni alkóhólgerjun alkóhólmyndandi efna sem eru eingöngu upprunnin á viðkomandi framleiðslustað og
 - hafi innihald rokgjarnra efna sem er að lágmarki 225 g á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál, og
 - sé ekki gert sætt,
 - ii. hugtakinu „úr landbúnaði“, að því tilskildu að rommið sem um er að ræða uppfylli kröfurnar skv. i. lið og hafi verið framleitt eingöngu með eimingu að undangenginni alkóhólgerjun á safu sykurreys. Hugtakið „úr landbúnaði“ má eingöngu nota ef um er að ræða landfræðilega merkingu frá frönsku umdæmunum handan hafsins eða sjálfstjórnarhéraðinu Madeira.

Þessi liður skal ekki hafa áhrif á notkun hugtaksins „úr landbúnaði“, „*traditionnel*“ eða „*tradicional*“ í tengslum við allar afurðir sem falla ekki undir þennan flokk, í samræmi við sértæku viðmiðanirnar sem gilda fyrir þær.

2. Whisky eða whiskey

- a) Whisky eða whiskey er brenndur drykkur sem er framleiddur eingöngu með því að inna af hendi eftirfarandi framleiðsluáðgerðir:
 - i. eimingu á meski úr möltuðu korni, með eða án heilla grjóna ómaltaðra korntegunda:
 - þar sem sykur myndast fyrir tilstilli sterkjukljúfs sem er í maltinu sjálfu, með öðrum náttúrulegum ensímum eða án þeirra,
 - gerjun fyrir tilstilli gers,
 - ii. hver eiming er framkvæmd að hámarki að 94,8% miðað við rúmmál, þannig að eimið hafi ilm og bragð af þeim hráefnum sem voru notuð,
 - iii. þroskun hins endanlega eimis í viðartunnum, sem taka að hámarki 700 lítra, í a.m.k. þrjú ár.Endanlega eimið, sem einungis má bæta í vatni og karamellubrunum (til litunar), skal halda lit sínum, ilmi og bragði sem verður til við framleiðsluferlið sem um getur í i., ii. og iii. lið.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki Whisky eða whiskey skal vera 40% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.

- d) Ekki skal sæta *whisky* eða *whiskey*, jafnvel til bragðstillingar, eða bragðbæta, né heldur má það innihalda nein aukefni önnur en karamellubrónan (E 150a) sem er notaður til litaaðlögunar.
- e) Einungis má bæta hugtakinu „single malt“ við lögheitið „*whisky*“ eða „*whiskey*“ ef það hefur verið eimað eingöngu úr möltuðu byggi í stakri eimingarstöð.

3. Kornbrennivín

- a) Kornbrennivín er brenndur drykkur sem er eingöngu framleiddur með eimingu gerjaðs meskis úr heilu korni og hefur skynmatseinkenni sem rekja má til þeirra hráefna sem voru notuð.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki kornbrennivíns skal vera 35% miðað við rúmmál, en þó er *Korn* undanskilið.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Kornbrennivín má ekki vera bragðbætt.
- e) Kornbrennivín má einungis innihalda viðbættan karamellubrónan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má kornbrennivín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 10 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- g) Kornbrennivín má bera lögheitið „kornbrandí“ ef það hefur verið framleitt með eimingu á gerjuðu meski úr heilu korni að hámarki að 95% miðað við rúmmál og hefur þau skynmatseinkenni sem rekja má til þeirra hráefna sem voru notuð.
- h) Í stað orðsins „korn“ í lögheitinu „kornbrennivín“ eða „kornbrandí“ má koma heiti kornsins sem er eingöngu notað við framleiðslu brennda drykkjarins.

4. Brennt vín

- a) Brennt vín er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann er eingöngu framleiddur með eimingu á víni eða víni eða véneimi sem hefur verið styrkt fyrir eimingu að hámarki að 86% miðað við rúmmál,
 - ii. hann hefur innihald rok gjarnna efna sem er að lágmarki 125 g á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - iii. hann inniheldur að hámarki 200 g af metanóli á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki brennds víns skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Brennt vín má ekki vera bragðbætt. Þetta skal ekki útiloka hefðbundnar framleiðsluaðferðir.
- e) Brennt vín má einungis innihalda viðbættan karamellubrónan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má brennt vín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- g) Ef brennt vín hefur verið látið þroskast má setja það áfram á markað undir heitinu „brennt vín“, að því tilskildu að þroskunin hafi tekið jafnlangan eða lengri tíma og kveðið er á um að því er varðar brennda drykkinn sem er skilgreindur í flokki 5.
- h) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á notkun hugtaksins „*Branntwein*“ með hugtakinu „*essig*“ í kynningu og merkingu á ediki.

5. Brandy eða Weinbrand

- a) *Brandy* eða *Weinbrand* er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann er framleiddur úr brenndu víni sem bæta má í véneimi, að því tilskildu að véneimið hafi verið eimað að hámarki að 94,8% miðað við rúmmál og fari ekki yfir hámarkið 50% af alkóhólinnihaldi fullunna vörunnar,

- ii. hann hefur verið látinn þroskast í a.m.k.:
 - eitt ár í flátum úr eik sem taka minnst 1000 lítra hvert eða
 - sex mánuði í eikartunnum sem taka minna en 1000 lítra hver,
 - iii. innihald rokgjarnra efna er að lágmarki 125 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál og sem fengist hefur einungis með eimingu þeirra hráefna sem voru notuð,
 - iv. hann inniheldur að hámarki 200 g af metanóli á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *brandy* eða *Weinbrand* skal vera 36% miðað við rúmmál.
 - c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
 - d) *Brandy* eða *Weinbrand* má ekki vera bragðbætt. Þetta skal ekki útiloka hefðbundnar framleiðsluaðferðir.
 - e) *Brandy* eða *Weinbrand* má einungis innihalda viðbættan karamellubrónan til litaaðlögunar.
 - f) Sæta má *Brandy* eða *Weinbrand* til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 35 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.

6. Þrúguhratsbrennivín eða þrúguhrat

- a) Þrúguhratsbrennivín eða þrúguhrat er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann er framleiddur eingöngu úr þrúguhrati sem hefur verið látið gerjast og eimað, annaðhvort beint með vatnsgufu eða eftir að vatni hefur verið bætt við og bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - hver eiming er framkvæmd að hámarki að 86% miðað við rúmmál,
 - fyrsta eiming er framkvæmd með hratinu sjálfu,
 - ii. bæta má dreggjum við þrúguhratið, þó ekki meiru en 25 kg af dreggjum á hver 100 kg þrúguhrats sem eru notuð,
 - iii. það magn vínanda, sem fengið er úr dreggjum, má ekki fara yfir 35% af heildarinnihaldi vínanda í fullunnu vörunni,
 - iv. hann hefur innihald rokgjarnra efna sem er að lágmarki 140 g á hvern hektólítra af 100% vínanda miðað við rúmmál og metanólinnihaldið er að hámarki 1000 g á hvern hektólítra af 100% vínanda miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki þrúguhratsbrennivíns eða þrúguhrats skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Þrúguhratsbrennivín eða þrúguhrat má ekki vera bragðbætt. Þetta skal ekki útiloka hefðbundnar framleiðsluaðferðir.
- e) Þrúguhratsbrennivín eða þrúguhrat má einungis innihalda viðbættan karamellubrónan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má þrúguhratsbrennivín eða þrúguhrat til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.

7. Ávaxtahratsbrennivín

- a) Ávaxtahratsbrennivín er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann er framleiddur eingöngu með gerjun og eimingu á ávaxtahrati, öðru en þrúguhrati, og bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - hver eiming er framkvæmd að hámarki að 86% miðað við rúmmál,
 - fyrsta eiming er framkvæmd með hratinu sjálfu,
 - ii. hann hefur innihald rokgjarnra efna sem er að lágmarki 200 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál,
 - iii. hann inniheldur að hámarki 1500 g af metanóli á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál,
 - iv. hámarksinnihald blásýru skal vera 7 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál þegar um er að ræða ávaxtahratsbrennivín úr steinaldinum.

- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki ávaxtahratsbrennivíns skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Ávaxtahratsbrennivín má ekki vera bragðbætt.
- e) Ávaxtahratsbrennivín má einungis innihalda viðbættan karamellubróun til litaaðlögunar.
- f) Sæta má ávaxtahratsbrennivín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- g) Lögheitið skal samanstanda af heiti ávaxtarins og á eftir skal koma „hratsbrennivín“. Ef hrat úr nokkrum ólíkum ávöxtum er notað skal lögheitið vera „ávaxtahratsbrennivín“ og má þá bæta við heiti hvers ávaxtar í lækandi röð eftir því magni sem var notað.

8. Rúsínubrennivín eða *raisin brandy*

- a) Rúsínubrennivín eða *raisin brandy* er brenndur drykkur sem er eingöngu framleiddur með eimingu afurðar sem fengist hefur með alkóhólgerjun á kjarna þurrkaðra þrúgna af yrkjunum „Corinth Black“ eða „Moscatel of Alexandria“ og er eimaður að hámarki að 94,5% miðað við rúmmál, þannig að eimið hafi ilm og bragð sem rekja má til hráefnisins sem var notað.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki rúsínubrennivíns eða *raisin brandy* skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Rúsínubrennivín eða *raisin brandy* má ekki vera bragðbætt.
- e) Rúsínubrennivín eða *raisin brandy* má einungis innihalda viðbættan karamellubróun til litaaðlögunar.
- f) Sæta má rúsínubrennivín eða *raisin brandy* til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.

9. Ávaxtabrennivín

- a) Ávaxtabrennivín er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann er framleiddur eingöngu með alkóhólgerjun og eimingu, með eða án steina, á ferskum og kjötmiklum ávöxtum, þ.m.t. banönum, eða musti slíkra ávaxta, berja eða grænmetis,
 - ii. hver eiming skal framkvæmd að hámarki að 86% miðað við rúmmál, þannig að eimið hafi ilm og bragð af þeim hráefnum sem voru notuð við eimingu,
 - iii. hann hefur innihald rokkgjarnra efna sem er að lágmarki 200 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál,
 - iv. ef um er að ræða steinaldinbrennivín er hámarksinnihald blásýru 7 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál.
- b) Innihald metanóls í ávaxtabrennivíni skal að hámarki vera 1000 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál, nema:
 - i. ef um er að ræða ávaxtabrennivín sem eru framleidd úr eftirfarandi ávöxtum eða berjum þar sem hámarksinnihald metanóls í þeim skal vera 1200 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál:
 - eplum (*Malus domestica* Borkh.),
 - apríkósum (*Prunus armeniaca* L.),
 - plómum (*Prunus domestica* L.),
 - sveskjuplómum (*Prunus domestica* L.),
 - kirsuberjaplómum (*Prunus domestica* L. subsp. *syriaca* (Borkh.) Janch ex Mansf.),
 - ferskjum (*Prunus persica* (L.) Batsch),
 - perum (*Pyrus communis* L.), að undanskildum perum af yrkinu Williams (*Pyrus communis* L. cv „Williams“),
 - brómberjum (*Rubus* sect. *Rubus*),
 - hindberjum (*Rubus idaeus* L.),

- ii. ef um er að ræða ávaxtabrennivín sem eru framleidd úr eftirfarandi ávöxtum eða berjum skal hámarksinnihald metanóls í þeim vera 1350 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál:
- kveðum (*Cydonia oblonga* Mill.),
 - einiberjum (*Juniperus communis* L. eða *Juniperus oxicedrus* L.),
 - perum af yrkinu Williams (*Pyrus communis* L. cv „Williams“),
 - sólberjum (*Ribes nigrum* L.),
 - rifsberjum (*Ribes rubrum* L.),
 - rósaldu (*Rosa canina* L.),
 - ylliberjum (*Sambucus nigra* L.),
 - reyniberjum (*Sorbus aucuparia* L.),
 - perureyni (*Sorbus domestica* L.),
 - flípareyni (*Sorbus torminalis* (L.) Crantz).
- c) Lágmarksalkóhólstyrkleiki ávaxtabrennivíns skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- d) Ávaxtabrennivín skal ekki vera litað.
- e) Þrátt fyrir d-lið þessa flokks og þrátt fyrir matvælaflokk 14.2.6 í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 má nota karamellubrunan til litaaðlögunar ávaxtabrennivína sem hafa verið látin þroskast í a.m.k. eitt ár í snertingu við við.
- f) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- g) Ávaxtabrennivín má ekki vera bragðbætt.
- h) Sæta má ávaxtabrennivín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 18 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- i) Lögheiti ávaxtabrennivíns skal vera „brennivín“ ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða grænmetisins. Á búlgörsku, tékknesku, grísku, króatísku, pólsku, rómönsku, slóvakísku og slóvensku má gefa upp lögheitið með heiti ávaxtarins, berjanna eða grænmetisins ásamt viðskeyti.

Að öðrum kosti:

- i. lögheitið sem um getur í fyrstu undirgrein má vera „wasser“ ásamt heiti ávaxtarins eða
- ii. nota má eftirfarandi lögheiti í eftirfarandi tilvikum:
- „kirsch“ fyrir kirsberjabrennivín (*Prunus avium* (L.) L.),
 - „plómu-“, „sveskjuplómu-“ eða „slivovitz“ fyrir plómubrennivín (*Prunus domestica* L.),
 - „kirsberjaplómu-“ fyrir kirsberjaplómubrennivín (*Prunus domestica* L. undirteg. *syriaca* (Borkh.) Janch. ex Mansf.),
 - „aldin jarðarberjatrés“ fyrir brennivín úr aldinum jarðarberjatrés (*Arbutus unedo* L.),
 - „Golden Delicious“ fyrir eplabrennivín (*Malus domestica* var. „Golden Delicious“),
 - „Obstler“ fyrir ávaxtabrennivín sem er framleitt úr ávöxtum, með eða án berja, að því tilskildu að minnst 85% af meskinu sé fengið úr ólíkum yrkjum epla, pera eða bæði.

Heitið „Williams“ eða „williams“ má einungis nota til að setja á markað perubrennivín sem er eingöngu framleitt úr perum af yrkinu „Williams“.

Ef hættu er á að lokaneytendur skilji ekki auðveldlega eitthvert af þessum lögheitum, sem ekki inniheldur orðið „brennivín“, sem um getur í þessum lið, skal orðið „brennivín“ koma fram í lýsingu, kynningu og merkingu, hugsanlega ásamt skýringu.

- j) Ef tvær eða fleiri tegundir ávaxta, berja eða grænmetis eru eimuð saman skal setja afurðina á markað undir lögheitinu:
- „ávaxtabrennivín“ fyrir brennda drykki sem eru eingöngu framleiddir með eimingu ávaxta, berja eða bæði eða
 - „grænmetisbrennivín“ fyrir brennda drykki sem eru eingöngu framleiddir með eimingu grænmetis eða
 - „ávaxta- og grænmetisbrennivín“ fyrir brennda drykki sem eru framleiddir með eimingu samsetningar úr ávöxtum, berjum og grænmeti.

Lögheitinu mega fylgja nöfn allra ávaxtanna, berjanna eða grænmetistegundanna, í lækkandi röð eftir því magni sem var notað.

10. Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín

- a) Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín eru brenndir drykkir sem uppfylla eftirfarandi kröfur:
- i. Þeir eru eingöngu framleiddir með eimingu að hámarki að 86% miðað við rúmmál af eplasítra eða perusítra þannig að eimið hafi ilm og bragð sem rekja má til ávaxtanna,
 - ii. Þeir hafa innihald rokkgjarnra efna sem er að lágmarki 200 g á hvern hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
 - iii. Þeir innihalda að hámarki 1000 g af metanóli á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki eplabrennivíns, perubrennivíns og epla- og perubrennivíns skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín mega ekki vera bragðbætt. Þetta skal ekki útiloka hefðbundnar framleiðsluaðferðir.
- e) Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín mega einungis innihalda viðbættan karamellubrúnan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 15 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- g) Lögheitið skal vera:
- „eplabrennivín“ fyrir brennda drykki sem eru eingöngu framleiddir með eimingu eplasítra,
 - „perubrennivín“ fyrir brennda drykki sem eru eingöngu framleiddir með eimingu perusítra eða
 - „epla- og perubrennivín“ fyrir brennda drykki sem eru eingöngu framleiddir með eimingu epla- og perusítra.

11. Hunangsbrennivín

- a) Hunangsbrennivín er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
- i. hann er framleiddur einungis með gerjun og eimingu á hunangsmeski,
 - ii. hann er eimaður að hámarki að 86% miðað við rúmmál þannig að eimið hafi skynmatseinkenni sem rekja má til hráefnisins sem var notað.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki hunangsbrennivíns skal vera 35% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Hunangsbrennivín má ekki vera bragðbætt.
- e) Hunangsbrennivín má einungis innihalda viðbættan karamellubrúnan til litaaðlögunar.
- f) Einungis má sæta hunangsbrennivín með hunangi til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af hunangi á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.

12. Hefebrand eða dreggjabrennivín

- a) *Hefebrand* eða dreggjabrennivín er brenndur drykkur sem er eingöngu framleiddur með eimingu á vindreggjum, bjórdreggjum eða dreggjum gerjaðra ávaxta að styrkleika að hámarki 86% miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *Hefebrand* eða dreggjabrennivíns skal vera 38% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) *Hefebrand* eða dreggjabrennivín má ekki vera bragðbætt.
- e) *Hefebrand* eða dreggjabrennivín má einungis innihalda viðbættan karamellubrunan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má *Hefebrand* eða dreggjabrennivín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- g) Bæta skal heiti hráefnisins, sem er notað, við lögheitið „*Hefebrand*“ eða „dreggjabrennivín“.

13. Bjórbrennivín (e. beer spirit)

- a) Bjórbrennivín er brenndur drykkur sem fæst eingöngu með beinni eimingu við eðlilegan þrýsting á ferskum bjór, að styrkleika sem er undir 86% miðað við rúmmál, þannig að eimið sem til verður hafi skynmatseinkenni frá bjórnum.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki bjórbrennivíns skal vera 38% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Bjórbrennivín má ekki vera bragðbætt.
- e) Bjórbrennivín má einungis innihalda viðbættan karamellubrunan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má bjórbrennivín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.

14. Topinambur eða ætífflabrennivín

- a) *Topinambur* eða ætífflabrennivín er brenndur drykkur sem fæst eingöngu með gerjun og eimingu á hnýðum ætíffla (*Helianthus tuberosus* L.), að alkóhólstyrkleika sem er undir 86% miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *topinambur* eða ætífflabrennivíns skal vera 38% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) *Topinambur* eða ætífflabrennivín má ekki vera bragðbætt.
- e) *Topinambur* eða ætífflabrennivín má einungis innihalda viðbættan karamellubrunan til litaaðlögunar.
- f) Sæta má *Topinambur* eða ætífflabrennivín til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 20 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.

15. Vodka

- a) Vodka er brenndur drykkur framleiddur úr etanóli úr landbúnaði sem fæst úr gerjun með geri annaðhvort úr:

- kartöflum eða kornvörum eða bæði, eða
- öðrum hráefnum úr landbúnaði,

sem eru eimuð þannig að skynmatseinkenni hráefnanna, sem eru notuð, og aukaafurðanna, sem myndast við gerjun, dofna á valvísan hátt.

Að því loknu getur fylgt viðbótareiming eða meðhöndlun með viðeigandi hjálparefnum við vinnslu eða bæði, þ.m.t. meðhöndlun með virkum viðarkolum, til að gefa vörunni sérstök skynmatseinkenni.

Hámarksgildi leifa fyrir etanól úr landbúnaði sem notað er við framleiðslu á vodka skulu samræmast þeim gildum sem sett eru fram í d-lið 5. gr., að því undanskildu að metanólinnihaldið má ekki vera meira en 10 g á hektólítra af 100% vínanda miðað við rúmmál.

- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki vodka skal vera 37,5% miðað við rúmmál.

- c) Einu bragðefnin, sem bæta má við, eru náttúruleg bragðefni eða bragðefnablöndur sem eru fyrir í eiminu sem fengið er úr gerjuðu hráefnunum. Auk þessa má gefa vörunni sérstök skynmatseinkenni, önnur en ríkjandi bragð.
- d) Vodka skal ekki vera litað.
- e) Sæta má vodka til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 8 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- f) Lýsing, kynning eða merking á vodka, sem ekki er framleitt eingöngu úr kartöflum eða kornvörum eða bæði, skal bera með áberandi hætti merkinguna „framleitt úr...“ ásamt heiti hráefnanna sem notuð voru til að framleiða landbúnaðaretanólið. Þessi merking skal koma fram á sama sjónsvæði og lögheitið.
- g) Lögheitið má vera „vodka“ í öllum aðildarríkjum.

16. **Brennivín (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna) sem fengið er með lögnum í bleyti og eimingu**

- a) Brennivín (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna) sem er fengið með lögnum í bleyti og eimingu er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann hefur verið framleiddur:
 - með því að leggja í bleyti ávexti, ber eða hnetur sem tilgreind eru í ii. lið, bæði hlutgerjuð og ógerjuð, hugsanlega með viðbættu etanóli úr landbúnaði eða brennivíni eða eimi úr sömu ávöxtum, berjum eða hnetum eða samsetningu þeirra, að hámarki 20 lítrar fyrir hver 100 kg af gerjuðum ávöxtum, berjum eða hnetum,
 - og síðan er eimað; hver eiming skal framkvæmd að hámarki að 86% miðað við rúmmál,
 - ii. hann er framleiddur úr eftirfarandi ávöxtum, berjum eða hnetum:
 - blossalaufum (*Aronia Medik. nom cons.*),
 - logalaufum (*Aronia melanocarpa* (Michx.) Elliott),
 - kastanuhnetum (*Castanea sativa* Mill.),
 - sítrusávöxtum (*Citrus spp.*),
 - heslihnetum (*Corylus avellana* L.),
 - krækiberjum (*Empetrum nigrum* L.),
 - jarðarberjum (*Fragaria spp.*),
 - hafþyrni (*Hippophae rhamnoides* L.),
 - berjum fenjakristþyrnis (*Ilex aquifolium* and *Ilex cassine* L.),
 - vorhyrni (*Cornus mas*),
 - valhnetum (*Juglans regia* L.),
 - banönum (*Musa spp.*),
 - brúðarlaufi (*Myrtus communis* L.),
 - kaktusfíkjum (*Opuntia ficus-indica* (L.) Mill),
 - píslaraldinum (*Passiflora edulis* Sims),
 - heggi (*Prunus padus* L.),
 - þyrniplómum (*Prunus spinosa* L.),
 - sólberjum (*Ribes nigrum* L.),
 - hvítum rifsberjum (*Ribes niveum* Lindl.),
 - rifsberjum (*Ribes rubrum* L.),

- stikilsberjum (*Ribes uva-crispa* L. syn. *Ribes grossularia*),
 - rósaldinum (*Rosa canina* L.),
 - bjarnarberjum (*Rubus arcticus* L.),
 - múltuberjum (*Rubus chamaemorus* L.),
 - brómberjum (*Rubus* sect. *Rubus*),
 - hindberjum (*Rubus idaeus* L.),
 - ylliberjum (*Sambucus nigra* L.),
 - reyniberjum (*Sorbus aucuparia* L.),
 - perureyni (*Sorbus domestica* L.),
 - flipareyni (*Sorbus torminalis* (L.) Crantz),
 - sætplómum (*Spondias dulcis* Parkinson),
 - gulplómum (*Spondias mombin* L.),
 - fenjabláberjum (*Vaccinium corymbosum* L.),
 - villtum trönuberjum (*Vaccinium oxycoccos* L.),
 - aðalbláberjum/bláberjum (*Vaccinium myrtillus* L.),
 - rauðberjum (*Vaccinium vitis-idaea* L.).
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki brennivíns (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna), sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu, skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Brennivín (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna), sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu, má ekki vera bragðbætt.
- d) Brennivín (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna) sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu skal ekki vera litað.
- e) Þrátt fyrir d-lið og þrátt fyrir matvælaflokk 14.2.6 í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 má nota karamellubróun til litaaðlögunar brennivíns (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna) sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu og sem hefur fengið að þroskast í a.m.k. eitt ár í snertingu við við.
- f) Sæta má brennivín (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna) sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 18 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- g) Að því er varðar lýsingu, kynningu og merkingu á brennivíni (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna), sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu, skulu orðin „fengið með lögn í bleyti og eimingu“ birtast í lýsingunni, kynningunni eða merkingunni með bókstöfum í sömu leturgerð, stærð og lit og á sama sjónsviði og orðin „brennivín (ásamt heiti ávaxtarins, berjanna eða hnetanna)“ og, ef um flöskur er að ræða, á frammiðanum.

17. Geist (ásamt heiti ávaxtarins eða hráefnanna sem notuð eru)

- a) Geist (ásamt heiti ávaxtarins eða hráefnanna sem notuð eru) er brenndur drykkur sem framleiddur er með því að leggja í bleyti ógerjaða ávexti og ber, sem tilgreind eru í ii. lið a-liðar í flokki 16 eða grænmeti, hnetur eða annað plöntuefni, s.s. kryddjurtir eða rósablöð, eða sveppi, í etanol úr landbúnaði, sem síðan er eimað að styrkleika sem er undir 86% miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki Geist (ásamt heiti ávaxtarins eða hráefnanna sem notuð eru) skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Geist (ásamt heiti ávaxtarins eða hráefnisins sem notað er) má ekki vera bragðbætt.
- d) Geist (ásamt heiti ávaxtarins eða hráefnanna sem notuð eru) skal ekki vera litað.

- e) Sæta má *Geist* (ásamt heiti ávaxtarins eða hráefnanna sem notuð eru) til að stilla endanlegt bragð. Fullunna varan má þó ekki innihalda meira en 10 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- f) Nota má heitið „-geist“, á eftir öðrum heitum en heitum á ávexti, plöntu eða öðru hráefni, með lögheiti annarra brenndra drykkja og áfengra drykkja að því tilskildu að slík notkun villi ekki um fyrir neytendum.

18. Maríuvandarbrennivín

- a) Maríuvandarbrennivín er brenndur drykkur framleiddur úr eimi maríuvandar sem fengist hefur með gerjun maríuvandarróta, með viðbættu etanóli úr landbúnaði eða án þess.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki maríuvandarbrennivíns skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Maríuvandarbrennivín má ekki vera bragðbætt.

19. Brenndur drykkur, bragðbættur með einiberjum

- a) Brenndur drykkur, bragðbættur með einiberjum, er brenndur drykkur sem er framleiddur með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði eða kornbrennivín eða korneimi eða samsetningu þeirra með einiberjum (*Juniperus communis* L. eða *Juniperus oxicedrus* L.).
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki brenndra drykkja, sem eru bragðbættir með einiberjum, skal vera 30% miðað við rúmmál.
- c) Nota má bragðefni, bragðefnablöndur, plöntur með bragðgefandi eiginleika eða plöntuhluta með bragðgefandi eiginleika eða samsetningu þeirra til viðbótar við einiber, en skynmatseinkenni einiberja skulu vera greinanleg, jafnvel þótt þau séu stundum milduð.
- d) Brenndur drykkur, bragðbættur með einiberjum, má bera lögheitið „Wacholder“ eða „genebra“.

20. Gin

- a) *Gin* er brenndur drykkur sem er bragðbættur með einiberjum og framleiddur með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með einiberjum (*Juniperus communis* L.).
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *gin* skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Nota skal eingöngu bragðefni eða bragðefnablöndur eða bæði við framleiðslu á *gin* þannig að bragðið af einiberjum sé ríkjandi.
- d) Heimilt er að bæta hugtakinu „dry“ við heitið „gin“ ef það inniheldur ekki viðbætt sætuefni sem eru umfram 0,1 g af sætuefnum á hvern lítra fullunninnar vöru, gefið upp sem andsykur.

21. Eimað gin

- a) Eimað *gin* er eitt af eftirfarandi:
 - i. brenndur drykkur, bragðbættur með einiberjum, sem eingöngu er framleiddur með því að eima etanól úr landbúnaði með alkóhólstyrkleika í upphafi sem er a.m.k. 96% miðað við rúmmál, með einiberjum (*Juniperus communis* L.) og öðrum náttúrulegum plöntuafurðum, að því tilskildu að einiberjabragðið sé ríkjandi,
 - ii. samsetning af afurð, sem fellur til við slíka eimingu, og etanóli úr landbúnaði með sömu samsetningu, sama hreinleika og alkóhólstyrkleika, en einnig má nota bragðefni eða bragðefnablöndur, eins og tilgreint er í c-lið í flokki 20, eða bæði til að bragðbæta eimað gin.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki eimaðs *gin* skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) *Gin*, sem er framleitt einungis með því að bæta kjörnum eða bragðefnum í etanól úr landbúnaði, skal ekki teljast eimað *gin*.
- d) Heimilt er að bæta hugtakinu „dry“ við, eða fella það inn í, heitið „eimað gin“ ef það inniheldur ekki viðbætt sætuefni sem eru umfram 0,1 g af sætuefnum á hvern lítra fullunninnar vöru, gefið upp sem andsykur.

22. London gin

- a) *London gin* er eimað *gin* sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
- það er framleitt eingöngu úr etanóli úr landbúnaði, þar sem innihald metanóls er að hámarki 5 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál og með bragði sem er fengið eingöngu með eimingu á etanóli úr landbúnaði með öllum þeim náttúrulegu plöntuefnum sem notuð eru,
 - eimið, sem til verður, inniheldur a.m.k. 70% alkóhól miðað við rúmmál,
 - frekara etanól úr landbúnaði, sem er bætt við, skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir í 5. gr. en innihald metanóls má ekki vera meira en 5 g á hektólítra af 100% alkóhóli miðað við rúmmál,
 - það er ekki litað,
 - sætun má ekki vera umfram 0,1 g af sætuefnum á hvern lítra fullunninnar vöru, gefið upp sem andsykur,
 - það inniheldur engin önnur innihaldsefni en þau innihaldsefni sem um getur í i., iii. og v. lið og vatn.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *London gin* skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Heimilt er að bæta hugtakinu „dry“ við, eða fella það inn í, heitið „*London gin*“.

23. Brenndur drykkur, bragðbættur með kúmeni eða *Kümmel*

- a) Brenndur drykkur, bragðbættur með kúmeni eða *Kümmel*, er brenndur drykkur sem er framleiddur með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með kúmeni (*Carum carvi L.*).
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki brennds drykkjar, sem er bragðbættur með kúmeni eða *Kümmel*, skal vera 30% miðað við rúmmál.
- c) Auk þess er heimilt að nota bragðefni eða bragðefnablöndur eða bæði en bragð af kúmeni skal vera ríkjandi.

24. Akvavit eða *aquavit*

- a) *Akvavit* eða *aquavit* er brenndur drykkur með bragði af kúmeni eða dillfræi eða bæði, sem er framleiddur með því að nota etanól úr landbúnaði, bragðbættur með eimi úr plöntum eða kryddtegundum.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *akvavit* eða *aquavit* skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Auk þess er heimilt að nota náttúruleg bragðefni eða bragðefnablöndur eða bæði, en bragðið af þessum drykkjum má að miklu leyti rekja til eimis af fræjum kúmens (*Carum carvi L.*) eða dills (*Anethum graveolens L.*), enda er notkun ilm kjarnaolía bönnuð.
- d) Beisk efni skulu ekki vera yfirgnæfandi í bragðinu; innihald þurrefna má ekki vera meira en 1,5 g á hverja 100 ml.

25. Brenndur drykkur, bragðbættur með anís

- a) Brenndur drykkur, bragðbættur með anís, er brenndur drykkur sem er framleiddur með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með náttúrulegum kjörnum af stjörnuanís (*Illicium verum Hook f.*), anís (*Pimpinella anisum L.*), fenniku (*Foeniculum vulgare Mill.*) eða öðrum jurtum, sem innihalda sama ilmgefandi meginefnið, með því að nota eina af eftirtöldum aðferðum eða samsetningu þeirra:
- lögn í bleyti eða eimingu eða bæði,
 - eimingu vínanda með fræinu eða hlutum annarra plantna sem eru tilgreindar hér að framan,
 - viðbót náttúrulegra eimaðra kjarna úr jurtum með anísbragði.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki brennds drykkjar, sem er bragðbættur anís, skal vera 15% miðað við rúmmál.
- c) Brenndur drykkur, bragðbættur með anís má eingöngu vera bragðbættur með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum.
- d) Einnig má nota önnur náttúruleg plöntuseyði eða ilmgefandi fræ en anísbragðið skal vera ríkjandi áfram.

26. Pastis

- a) *Pastis* er brenndur drykkur, bragðbættur með anís sem inniheldur einnig náttúrulegan kjarna úr lakkrísrot (*Glycyrrhiza* spp.) og þar með litarefni, sem kallast kalkón, sem og glýsyrrisínsýru, en innihald þeirra skal vera að lágmarki 0,05 g á hvern lítra og að hámarki 0,5 g á hvern lítra.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *pastis* skal vera 40% miðað við rúmmál.
- c) *Pastis* má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum.
- d) *Pastis* skal innihalda minna en 100 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur, og skal innihalda að lágmarki 1,5 g og að hámarki 2 g af anetóli á hvern lítra.

27. Pastis de Marseille

- a) *Pastis de Marseille* er *pastis* með áberandi anísbragði þar sem innihald anetóls er á milli 1,9 og 2,1 g á hvern lítra.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *pastis de Marseille* skal vera 45% miðað við rúmmál.
- c) *Pastis de Marseille* má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum.

28. Anis eða janeževac

- a) *Anis* eða *janeževac* er brenndur drykkur, bragðbættur með anís, en hann fær einkennandi bragð sitt eingöngu úr anís (*Pimpinella anisum* L.), stjórnuanís (*Illicium verum* Hook f.) eða fenniku (*Foeniculum vulgare* Mill.) eða samsetningu þeirra.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *anis* eða *janeževac* skal vera 35% miðað við rúmmál.
- c) *Anis* eða *janeževac* má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum.

29. Eimaður anis

- a) Eimaður *anis* er *anis* sem inniheldur vínanda sem hefur verið eimaður með fræinu sem um getur í a-lið í flokki 28, og, ef um er að ræða landfræðilegar merkingar, með mastix og öðrum ilmríkum fræjum, plöntum eða ávöxtum, að því tilskildu að þessi hluti vínandans sé að minnsta kosti 20% af vínandainnihaldinu í eimuðum anis.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki eimaðs *anis* skal vera 35% miðað við rúmmál.
- c) Eimaður *anis* má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum.

30. Brenndur drykkur með beisku bragði eða bitter

- a) Brenndur drykkur með beisku bragði eða *bitter* er brenndur drykkur með ráðandi beisku bragði sem er framleiddur með því að bragðbæta etanol úr landbúnaði eða eimi úr landbúnaði eða bæði með bragðefnum eða bragðefnablöndum eða bæði.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki brenndra drykkja með beisku bragði eða *bitter* skal vera 15% miðað við rúmmál.
- c) Með fyrirvara um notkun slíkra heita í kynningu og merkingu matvæla, annarra en brenndra drykkja, má einnig setja brenndan drykk með beisku bragði eða *bitter* á markað með heitinu „bitter“ eða „bitter“ með öðru hugtaki eða án.
- d) Þrátt fyrir c-lið má nota heitið „bitter“ eða „bitter“ í lýsingu, kynningu og merkingu á líkjörum með beisku bragði.

31. Bragðbætt vodka

- a) Bragðbætt vodka er vodka sem hefur verið gefið ríkjandi bragð, annað en það sem rekja má til hráefnanna sem notuð eru við framleiðslu þess.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki bragðbættar vodka skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Bragðbætt vodka má vera sætað, blandað, bragðbætt þroskað eða litað.

- d) Þegar bragðbætt vodka er sætað skal fullunna varan þó innihalda minna en 100 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- e) Lögheiti bragðbætts vodka má einnig vera heiti hvers konar ríkjandi bragðs ásamt orðinu „vodka“. Í stað heitisins „vodka“ í öllum opinberum tungumálum Sambandsins má koma „vodka“.

32. Brenndur drykkur, bragðbættur með þyrniplómum eða *pacharán*

- a) Brenndur drykkur sem er bragðbættur með þyrniplómum eða *pacharán* er brenndur drykkur þar sem bragðið af þyrniplómum er ríkjandi og er framleiddur með því að leggja þyrniplómur (*Prunus spinosa*) í bleyti í etanól úr landbúnaði, að viðbættum náttúrulegum kjörnum af anís eða eimi úr anís eða bæði.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki brennds drykkjar sem er bragðbættur með þyrniplómum eða *pacharán* skal vera 25% miðað við rúmmál.
- c) Við framleiðslu brennds drykkjar sem er bragðbættur með þyrniplómum eða *pacharán* skal nota að lágmarki 125 g af þyrniplómum á hvern lítra af fullunninni vöru.
- d) Brenndur drykkur, bragðbættur með þyrniplómum eða *pacharán* skal hafa innihald sætuefna, gefið upp sem andsykur, á bilinu 80–250 g á hvern lítra af fullunninni vöru.
- e) Skynmatseinkenni, litur og bragð brennds drykkjar sem er bragðbættur með þyrniplómum eða *pacharán* skal eingöngu fást úr ávextinum sem er notaður og anísnum.
- f) Heitið „*pacharán*“ má eingöngu nota sem lögheiti þegar varan er framleidd á Spáni. Þegar varan er framleidd utan Spánar má eingöngu nota „*pacharán*“ til viðbótar við lögheitið „brenndur drykkur, bragðbættur með þyrniplómum“ að því tilskildu að því fylgi orðin: „framleitt í ...“, og þar á eftir komi heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem framleiðslan á sér stað.

33. Líkjör

- a) Líkjör er brenndur drykkur sem:
 - i. hefur lágmarksinnihald sætuefna, gefið upp sem andsykur, sem nemur:
 - 70 g á hvern lítra ef um er að ræða sætkirsuberja- eða kirsuberjalíkjör þar sem etanólið er eingöngu úr sætkirsuberja- eða kirsuberjabrennivíni,
 - 80 g á hvern lítra ef um er að ræða líkjöra sem eru bragðbættir eingöngu með maríuvendi eða svipaðri plöntu eða malurt.
 - 100 g á hvern lítra í öllum öðrum tilvikum,
 - ii. er framleiddur með því að nota etanól úr landbúnaði eða eimi úr landbúnaði eða einn eða fleiri brennda drykki eða samsetningu þeirra, sem hafa verið sættir og einu eða fleiri bragðefnum, landbúnaðarafurðum eða matvælum hefur verið bætt við.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki líkjörs skal vera 15% miðað við rúmmál.
- c) Nota má bragðefni og bragðefnablöndur við framleiðslu á líkjör.

Þó má eingöngu bragðbæta eftirfarandi líkjöra með bragðgefandi matvælum, bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum:

 - i. ávaxtalíkjöra úr:
 - ananas (*Ananas*),
 - sítrusávöxtum (*Citrus L.*),
 - hafþyrni (*Hippophae rhamnoides L.*),
 - mórberjum (*Morus alba*, *Morus rubra*),
 - kirsuberjum (*Prunus cerasus*),
 - sætkirsuberjum (*Prunus avium*),
 - sólberjum (*Ribes nigrum L.*),
 - bjarnarberjum (*Rubus arcticus L.*),

- múltuberjum (*Rubus chamaemorus* L.),
 - hindberjum (*Rubus idaeus* L.),
 - villtum trönuberjum (*Vaccinium oxycoccus* L.),
 - aðalbláberjum/bláberjum (*Vaccinium myrtillus* L.),
 - rauðberjum (*Vaccinium vitis-idaea* L.),
- ii. plöntulíkjöra úr:
- silfurmalurt (*Artemisia genepi*),
 - maríuvendi (*Gentiana* L.),
 - mintum (*Mentha* L.),
 - anís (*Pimpinella anisum* L.).
- d) Lögheitið má vera „liqueur“ í öllum aðildarríkjum og:
- ef um er að ræða líkjöra sem eru framleiddir með því að leggja kirsuber eða sætkirsuber (*Prunus cerasus* eða *Prunus avium*) í bleyti í etanól úr landbúnaði má lögheitið vera „guignolet“ eða „češnjevec“, með eða án heitisins „líkjör“,
 - ef um er að ræða líkjöra sem eru framleiddir með því að leggja kirsuber (*Prunus cerasus*) í bleyti í etanól úr landbúnaði má lögheitið vera „ginja“ eða „ginjinha“ eða „višnjevec“, með eða án heitisins „líkjör“,
 - ef um er að ræða líkjöra þar sem alkóhólinnihald kemur eingöngu úr rommi má lögheitið vera „punch au rhum“, með eða án heitisins „líkjör“,
 - með fyrirvara um 3. gr. (2. liður), 10. gr. (b-liður 5. mgr.) og 11. gr., ef um er að ræða líkjöra sem innihalda mjólk eða mjólkurafurðir, má lögheitið vera „cream“ ásamt heiti hráefnisins sem notað er til að veita líkjörnum ríkjandi bragð, með eða án heitisins „líkjör“.
- e) Nota má eftirfarandi samsett hugtök í lýsingu, kynningu og merkingu á líkjörum, sem framleiddir eru í Sambandinu, þegar etanól úr landbúnaði eða eimi úr landbúnaði er notað til að líkja eftir viðteknum framleiðsluáðferðum:
- *prune brandy*,
 - *orange brandy*,
 - *apricot brandy*,
 - *cherry brandy*,
 - *solbaerrom* eða sólberjaromm.
- Að því er varðar lýsingu, kynningu og merkingu líkjöranna sem um getur í þessum lið skal samsetta hugtakið koma fram í einni línu og með samræmdum bókstöfum og í einni leturgerð og einum lit, og orðið „líkjör“ skal vera þar mjög nálægt og með stöfum í leturstærð sem er ekki minni en sú leturgerð. Ef vínandinn er ekki úr brennda drykknum sem tilgreindur er skal tilgreina uppruna hans á merkimiðanum og birta á sama sjónsviði og samsetta hugtakið og orðið „líkjör“, annaðhvort með því að tilgreina tegund landbúnaðaralkóhólsins eða með orðunum „alkóhól úr landbúnaði“ á eftir orðunum „framleitt úr“ eða „framleitt með“.
- f) Með fyrirvara um 11., 12. og 13. gr. (4. mgr.) má bæta við lögheitið „líkjör“ heiti bragðefnis eða matvæla sem veita brennda drykknum ríkjandi bragð, að því tilskildu að bragð brennda drykkjarins megi rekja til bragðgefandi matvæla, bragðefnablandna og náttúrulegra bragðefna sem fást úr hráefnunum sem um getur í heiti bragðefnisins eða matvæla, með viðbót bragðefnablandna eingöngu ef nauðsyn krefur til að styrkja bragð þessa hráefnis.

34. Crème de (ásamt heiti ávaxtarins eða annars hráefnis sem notað er)

- a) Crème de (ásamt heiti ávaxtarins eða annars hráefnis sem notað er) er líkjör sem inniheldur að lágmarki 250 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki crème de (ásamt heiti ávaxtarins eða annars hráefnis sem notað er) skal vera 15% miðað við rúmmál.

- c) Reglurnar um bragðefni og bragðefnablöndur fyrir líkjöra, sem mælt er fyrir um í flokki 33, gilda um þennan brennda drykk.
- d) Hráefnin sem eru notuð skulu ekki vera mjólkurafurðir.
- e) Ávöxturinn eða önnur hráefni sem notuð eru í lögheitinu skulu vera ávöxturinn eða hráefnið sem veitir brennda drykknum ríkjandi bragð.
- f) Við lögheitið má bæta hugtakinu „líkjör“.
- g) Lögheitið „*crème de cassis*“ má eingöngu nota fyrir líkjöra sem eru framleiddir með sólberjum og innihalda meira en 400 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.

35. *Sloe gin*

- a) *Sloe gin* er líkjör sem er framleiddur með því að leggja þyrniplómur í bleyti í *gin*, hugsanlega að viðbættum þyrniplómusafa.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *sloe gin* skal vera 25% miðað við rúmmál.
- c) Einungis má nota náttúruleg bragðefni og bragðefnablöndur við framleiðslu á *sloe gin*.
- d) Við lögheitið má bæta hugtakinu „líkjör“.

36. *Sambuca*

- a) *Sambuca* er litlaus líkjör, bragðbættur með anís, sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann inniheldur eimi úr anís (*Pimpinella anisum* L.), stjörnuanís (*Illicium verum* L.) eða öðrum ilmandi kryddjurtum,
 - ii. hann inniheldur að lágmarki 350 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur,
 - iii. hann inniheldur að lágmarki 1 g og að hámarki 2 g af náttúrulegu anetóli á hvern lítra.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *sambuca* skal vera 38% miðað við rúmmál.
- c) Reglurnar um bragðefni og bragðefnablöndur fyrir líkjöra, sem mælt er fyrir um í flokki 33, gilda um *sambuca*.
- d) *Sambuca* skal ekki vera litað.
- e) Við lögheitið má bæta hugtakinu „líkjör“.

37. *Maraschino, marrasquino eða maraskino*

- a) *Maraschino, marrasquino* eða *maraskino* er litlaus líkjör sem fær bragð sitt einkum af eimi úr súrkirsuberjum eða þeirri afurð, sem er framleidd með því að leggja kirsuber eða hluta þeirra í etanól úr landbúnaði eða í eimi úr súrkirsuberjum sem inniheldur að lágmarki 250 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *maraschino, marrasquino* eða *maraskino* skal vera 24% miðað við rúmmál.
- c) Reglurnar um bragðefni og bragðefnablöndur fyrir líkjöra, sem mælt er fyrir um í flokki 33, gilda um *maraschino, marrasquino* eða *maraskino*.
- d) *Maraschino, marrasquino* eða *maraskino* skal ekki vera litað.
- e) Við lögheitið má bæta hugtakinu „líkjör“.

38. *Nocino eða orehovec*

- a) *Nocino* eða *orehovec* er líkjör, sem fær bragð sitt einkum með því að leggja í bleyti eða eima heilar, grænar valhnetur (*Juglans regia* L.) og inniheldur að lágmarki 100 g af sætuefnum á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *nocino* eða *orehovec* skal vera 30% miðað við rúmmál.
- c) Reglurnar um bragðefni og bragðefnablöndur fyrir líkjöra, sem mælt er fyrir um í flokki 33, gilda um *nocino* eða *orehovec*.
- d) Við lögheitið má bæta hugtakinu „líkjör“.

39. Eggjalíkjör eða advocaat eða avocat eða advokat

- a) Eggjalíkjör eða *advocaat* eða *avocat* eða *advokat* er líkjör, einnig bragðbættur, sem framleiddur er úr etanóli úr landbúnaði, eimi úr landbúnaði eða brenndum drykk eða samsetningu úr þeim og inniheldur gæðaeggjarauður, eggjahvítur og sykur eða hunang eða bæði. Lágmarksinnihald sykurs eða hunangs skal vera 150 g á hvern lítra, gefið upp sem andsykur. Lágmarksinnihald hreinnar eggjarauðu skal vera 140 g á hvern lítra af fullunnu vörinni. Öll notkun eggja úr hænum sem tilheyra annarri tegund en *Gallus gallus* skal tilgreind á merkimiðanum.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki eggjalíkjörs eða *advocaat* eða *avocat* eða *advokat* skal vera 14% miðað við rúmmál.
- c) Við framleiðslu á eggjalíkjör eða *advocaat* eða *avocat* eða *advokat* má einungis nota bragðgefandi matvæli, bragðefni og bragðefnablöndur.
- d) Nota má mjólkurafurðir við framleiðslu á eggjalíkjör eða *advocaat* eða *avocat* eða *advokat*.

40. Líkjör með eggjum

- a) Líkjör með eggjum er líkjör, einnig bragðbættur, sem framleiddur er úr etanóli úr landbúnaði, eimi úr landbúnaði eða brenndum drykk eða samsetningu úr þeim og einkennandi innihaldsefni eru gæðaeggjarauður, eggjahvítur og sykur eða hunang eða bæði. Lágmarksinnihald sykurs eða hunangs skal vera 150 g á hvern lítra, gefið upp sem andsykur. Lágmarksinnihald eggjarauðu skal að vera 70 g á hvern lítra af fullunnu vörinni.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki líkjörs með eggjum skal vera 15% miðað við rúmmál.
- c) Við framleiðslu á líkjör með eggjum má einungis nota bragðgefandi matvæli, náttúruleg bragðefni og náttúrulegar bragðefnablöndur.
- d) Nota má mjólkurafurðir við framleiðslu á líkjör með eggjum.

41. Mistrà

- a) *Mistrà* er litlaus brenndur drykkur sem er bragðbættur með anís eða náttúrulegu anetóli og uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. hann inniheldur að lágmarki 1 g og að hámarki 2 g af náttúrulegu anetóli á hvern lítra,
 - ii. hann má einnig innihalda eimi úr kryddjurtum,
 - iii. hann hefur ekki verið sættur.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *mistrà* skal vera 40% miðað við rúmmál og hámarksalkóhólstyrkleiki skal vera 47% miðað við rúmmál.
- c) *Mistrà* má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum.
- d) *Mistrà* skal ekki vera litað.

42. Väkevü glögi eða spritglögg

- a) *Väkevü glögi* eða *spritglögg* er brenndur drykkur sem er framleiddur með því að bragðbæta vín eða vínaufurðir og etanól úr landbúnaði með bragðefni úr negul eða kanil eða bæði með einni eftirfarandi aðferða eða samsetningu þeirra:
 - i. lögn í bleyti eða eimingu,
 - ii. eimingu vínanda með hlutum plantna sem eru tilgreindar hér að framan,
 - iii. viðbót náttúrulegra bragðefna úr negul eða kanil.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *väkevü glögi* eða *spritglögg* skal vera 15% miðað við rúmmál.
- c) *Väkevü glögi* eða *spritglögg* má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnum, bragðefnablöndum eða öðrum bragðefnum en bragð kryddanna sem tilgreind eru í a-lið skal vera ríkjandi.
- d) Innihald víns eða vínaufurða skal ekki fara yfir 50% af fullunnu vörinni.

43. Berenburg eða Beerenburg

- a) *Berenburg* eða *Beerenburg* er brenndur drykkur sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
- i. hann er framleiddur með etanóli úr landbúnaði,
 - ii. hann er framleiddur með því að leggja í bleyti ávexti eða plöntur eða hluta þeirra,
 - iii. hann inniheldur sérstakt bragðeimi úr rótum gulvandar (*Gentiana lutea* L.), úr einiberjum (*Juniperus communis* L.) og úr lárviðarlaufi (*Laurus nobilis* L.),
 - iv. hann er til í litum frá ljósbrúnum yfir í dökkbrúnan,
 - v. heimilt er að sæta hann að hámarki að 20 g sætuefna á hvern lítra, gefið upp sem andsykur.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki *Berenburg* eða *Beerenburg* skal vera 30% miðað við rúmmál.
- c) *Berenburg* eða *Beerenburg* má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum.

44. Hunangsveig eða mjaðarveig

- a) Hunangsveig eða mjaðarveig er brenndur drykkur sem er framleiddur með því að bragðbæta blöndu af gerjuðu hunangsmeski og hunangseimi eða etanól úr landbúnaði eða bæði og inniheldur a.m.k. 30% af gerjuðu hunangsmeski miðað við rúmmál.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki hunangsveigar eða mjaðarveigar skal vera 22% miðað við rúmmál.
- c) Hunangsveig eða mjaðarveig má eingöngu vera bragðbætt með bragðefnablöndum og náttúrulegum bragðefnum, að því tilskildu að hunangsbragðið sé ríkjandi.
- d) Hunangsveig og mjaðarveig má eingöngu sæta með hunangi.
-

II. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR REGLUR VARÐANDI TILTEKNA BRENNDA DRYKKI

1. *Rum-Verschnitt* er framleitt í Þýskalandi og fæst með því að blanda saman rommi og etanóli úr landbúnaði þannig að a.m.k. 5% af alkóhóli í fullunnu vörunni skal vera úr rommi. Lágmarksalkóhólstyrkleiki *Rum-Verschnitt* skal vera 37,5% miðað við rúmmál. Orðið *Verschnitt* skal koma fram í lýsingunni, kynningunni og merkingunni í bókstöfum af sömu leturgerð, stærð og lit og í sömu línu og orðið „*Rum*“ og, ef um flöskur er að ræða, á frammiðanum. Lögheiti þessarar vöru skal vera „brenndur drykkur“. Þegar *Rum-Verschnitt* er sett á markað utan Þýskalands skal alkóhólsamsetningin koma fram á merkimiðanum.
2. *Slivovice* er framleitt í Tékklandi og fæst með því að bæta etanóli úr landbúnaði við plómueimi fyrir lokaheimingu þannig að a.m.k. 70% af alkóhóli í fullunnu vörunni skal vera úr plómueimi. Lögheiti þessarar vöru skal vera „brenndur drykkur“. Bæta má heitinu „*slivovice*“ við ef það kemur fram á sama sjónsviði á frammiðanum. Ef *slivovice* er sett á markað utan Tékklands skal alkóhólsamsetningin koma fram á merkimiðanum. Þetta ákvæði skal ekki hafa áhrif á notkun lögheitanna fyrir ávaxtabrennivín í flokki 9 í I. viðauka.
3. *Guignolet Kirsch* er framleitt í Frakklandi og fæst með því að blanda saman *guignolet* og *kirsch* þannig að a.m.k. 3% af heildarinnihaldi hreins alkóhóls í fullunnu vörunni skal vera úr *kirsch*. Orðið „*guignolet*“ skal koma fram í lýsingunni, kynningunni og merkingunni í bókstöfum af sömu leturgerð, stærð og lit og í sömu línu og orðið „*kirsch*“ og, ef um flöskur er að ræða, á frammiðanum. Lögheiti þessarar vöru skal vera „líkjör“. Í alkóhólsamsetningu vörunnar skal tilgreindur hundraðshluti af hreinu alkóhóli, miðað við rúmmál, sem hlutdeild *guignolet* og *kirsch* er í heildarinnihaldi hreins alkóhóls í *guignolet kirsch*, miðað við rúmmál.

III. VIÐAUKI

VIRKT ÞROSKUNARKERFI EÐA „CRIADERAS Y SOLERA“ EÐA „SOLERA E CRIADERAS“

Virka þroskunarkerfið eða „*criaderas y solera*“ eða „*solera e criaderas*“ samanstendur af því að tappa reglulega af skammti af *brandy*, sem er í hverri eikarámu og hverju eikaríláti sem saman mynda eitt þroskunarþrep, og samsvarandi enduráyllingu með *brandy* sem er tekið úr undanfarandi þroskunarþrepi.

Skilgreiningar

„Þroskunarþrep“: hver hópur eikaráma og -fláta á sama þroskunarstigi sem *brandy* fer í gegnum á þroskunarferlinu. Hvert þrep er þekkt sem „*criadera*“ að undanskildu því síðasta, áður en *brandy* er flutt, sem er þekkt sem „*solera*“.

„Tappa af“: hluta af magninu af *brandy* er tappað af hverri eikarámu og hverju eikaríláti í þroskunarþrepi til þess að setja það í eikarámur og -flát í næsta þroskunarþrepi eða, ef um er að ræða *solera*, fyrir flutning þess.

„Enduráylling“: magn af *brandy* úr eikarámum og -flátum í tilteknu þroskunarþrepi sem er sett í og blandað saman við innihald eikaráma og -fláta í næsta þrepi á eftir, eftir aldri.

„Meðalaldur“: sá tími sem það tekur heildarbirgðir af *brandy* að fara í gegnum þroskunarþrepin, reiknaður út með því að deila í heildarmagn *brandy* í öllum þroskunarþrepunum með því magni sem tappað er af í síðasta þrepinu – *solera* – á einu ári.

Meðalaldur þess *brandy* sem er tekið úr *solera* skal reiknaður út með eftirfarandi formúlu: $t = Vt/Ve$, þar sem:

- t er meðalaldur, gefinn upp í árum,
- Vt er heildarmagn birgða í þroskunarkerfinu, gefið upp í lítrum af hreinu alkóhóli,
- Ve er heildarmagn vöru sem er tekið til flutnings á ári, gefið upp í lítrum af hreinu alkóhóli.

Ef um er að ræða eikarámur og -flát sem rúma minna en 1 000 lítra skal árlega tappað af og enduráyllt jafnoft eða sjaldnar en sem nemur tvöföldum fjölda þrepa í kerfinu til að tryggja að yngsti efnispátturinn sé sex mánaða eða eldri.

Ef um er að ræða eikarámur og -flát sem rúma 1 000 lítra eða meira skal árlega tappað af og enduráyllt jafnoft eða sjaldnar en sem nemur fjölda þrepa í kerfinu til að tryggja að yngsti efnispátturinn sé eins árs eða eldri.

—

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Þessi reglugerð	Reglugerð (EB) nr. 110/2008
1. og 2. mgr. 1. gr.	1. og 2. mgr. 1. gr.
a- til d-liður 2. gr.	1. og 3. mgr. 2. gr.
e-liður 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
f-liður 2. gr.	6. liður I. viðauka
1. mgr. 3. gr.	8. gr.
2. og 3. mgr. 3. gr.	10. gr.
4. mgr. 3. gr.	1. mgr. 15. gr.
5. mgr. 3. gr.	—
6. mgr. 3. gr.	—
7. mgr. 3. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 15. gr.
8. mgr. 3. gr.	—
9. og 10. mgr. 3. gr.	2. mgr. 11. gr. og 4. liður I. viðauka
11. og 12. mgr. 3. gr.	7. liður I. viðauka
1. mgr. 4. gr.	7 gr. og 14. liður I. viðauka
2. mgr. 4. gr.	7 gr. og 15. liður I. viðauka
3. mgr. 4. gr.	7 gr. og 16. liður I. viðauka
4. mgr. 4. gr.	—
5. mgr. 4. gr.	17. liður I. viðauka
6. mgr. 4. gr.	—
7. mgr. 4. gr.	2. liður I. viðauka
8. mgr. 4. gr.	3. liður I. viðauka
9. mgr. 4. gr.	3. liður I. viðauka
10. mgr. 4. gr.	5. liður I. viðauka
11. mgr. 4. gr.	8. liður I. viðauka
12. mgr. 4. gr.	9. liður I. viðauka
13. mgr. 4. gr.	—
14. mgr. 4. gr.	—
15. mgr. 4. gr.	—
16. mgr. 4. gr.	—
17. mgr. 4. gr.	—
18. mgr. 4. gr.	—
19. og 20. mgr. 4. gr.	10. liður I. viðauka
21. mgr. 4. gr.	—
22. mgr. 4. gr.	—
23. mgr. 4. gr.	11. liður I. viðauka
24. mgr. 4. gr.	12. liður I. viðauka
5. gr.	1. liður I. viðauka

Þessi reglugerð	Reglugerð (EB) nr. 110/2008
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 6. gr.	3. mgr. 3. gr.
3. mgr. 6. gr.	4. mgr. 3. gr.
1. mgr. 7. gr.	4. gr.
2. mgr. 7. gr.	1. mgr. 5. gr.
3. mgr. 7. gr.	2. mgr. 5. gr.
4. mgr. 7. gr.	3. mgr. 5. gr.
1. mgr. 8. gr.	26. gr.
2. mgr. 8. gr.	3. mgr. 1. gr.
3. mgr. 8. gr.	—
4. mgr. 8. gr.	—
9. gr.	—
1. mgr. 10. gr.	—
2. mgr. 10. gr.	1. mgr. 9. gr.
3. mgr. 10. gr.	2. mgr. 9. gr.
4. mgr. 10. gr.	3. mgr. 9. gr.
5. mgr. 10. gr.	5. og 6. mgr. 9. gr.
a- til c-liður, e- og f-liður 6. mgr. 10. gr.	—
d-liður 6. mgr. 10. gr.	2. mgr. 12. gr.
Fyrsta undirgrein 7. mgr. 10. gr.	4. og 7. mgr. 9. gr.
Önnur undirgrein 7. mgr. 10. gr.	—
1. mgr. 11. gr.	1. og 2. mgr. 10. gr.
2. og 3. mgr. 11. gr.	—
1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 10. gr.
2., 3. og 4. mgr. 12. gr.	—
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 13. gr.	9. mgr. 9. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 13. gr.	4. mgr. 11. gr.
Þriðja undirgrein 3. mgr. 13. gr.	5. mgr. 11. gr.
Fjórdá undirgrein 3. mgr. 13. gr.	—
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 13. gr.	3. mgr. 11. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 13. gr.	4. mgr. 11. gr.
Þriðja undirgrein 4. mgr. 13. gr.	5. mgr. 11. gr.
5. mgr. 13. gr.	—
6. mgr. 13. gr.	3. mgr. 12. gr.
7. mgr. 13. gr.	—
1. mgr. 14. gr.	13. liður I. viðauka
2. mgr. 14. gr.	—
1. mgr. 15. gr.	2. mgr. 14. gr.

Þessi reglugerð	Reglugerð (EB) nr. 110/2008
2. mgr. 15. gr.	—
16. gr.	—
17. gr.	13. gr.
18. gr.	—
1. mgr. 19. gr.	3. mgr. 12. gr.
2. mgr. 19. gr.	—
a-liður 20. gr.	—
b-liður 20. gr.	2. mgr. 28. gr.
c-liður 20. gr.	—
d-liður 20. gr.	—
1. mgr. 21. gr.	—
2. mgr. 21. gr.	16. gr.
3. mgr. 21. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 15. gr.
4. mgr. 21. gr.	—
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 22. gr.	4. mgr. 17. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 22. gr.	—
2. mgr. 22. gr.	—
Inngangsorð og a-, b- og c-liðir 1. mgr. 23. gr.	—
Önnur undirgrein 1. mgr. 23. gr.	3. mgr. 17. gr.
2. mgr. 23. gr.	Annar málsliður 1. mgr. 17. gr.
1.–4. mgr. 24. gr.	—
5., 6. og 7. mgr. 24. gr.	2. mgr. 17. gr.
8. mgr. 24. gr.	3. mgr. 17. gr.
9. mgr. 24. gr.	Fyrsti málsliður 1. mgr. 17. gr.
25. gr.	—
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 26. gr.	5. mgr. 17. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 26. gr.	—
2. mgr. 26. gr.	6. mgr. 17. gr.
1. mgr. 27. gr.	Fyrsti málsliður 7. mgr. 17. gr.
2., 3. og 4. mgr. 27. gr.	—
5. mgr. 27. gr.	Annar málsliður 7. mgr. 17. gr.
28. gr.	—
29. gr.	—
1., 2. og 3. mgr. 30. gr.	Fyrsti málsliður 8. mgr. 17. gr.
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 30. gr.	Annar málsliður 8. mgr. 17. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 30. gr.	—
31. gr.	21. gr.
32. gr.	18. gr.

Þessi reglugerð	Reglugerð (EB) nr. 110/2008
1. mgr. 33. gr.	2. mgr. 15. gr.
2. og 3. mgr. 33. gr.	—
1., 2. og 3. mgr. 34. gr.	19. gr.
4. mgr. 34. gr.	—
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 35. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 15. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 35. gr.	—
2. mgr. 35. gr.	3. mgr. 23. gr.
3. mgr. 35. gr.	—
1. mgr. 36. gr.	1. mgr. 23. gr.
2. mgr. 36. gr.	2. mgr. 23. gr.
37. gr.	—
1. mgr. 38. gr.	—
2. mgr. 38. gr.	1. mgr. 22. gr.
3. mgr. 38. gr.	2. mgr. 22. gr.
4. mgr. 38. gr.	—
5. mgr. 38. gr.	3. mgr. 22. gr.
6. mgr. 38. gr.	4. mgr. 22. gr.
1. mgr. 39. gr.	—
2. og 3. mgr. 39. gr.	—
40. gr.	—
41. gr.	—
42. gr.	—
1. mgr. 43. gr.	1. mgr. 24. gr.
2. mgr. 43. gr.	3. mgr. 24. gr.
1. mgr. 44. gr.	2. mgr. 24. gr.
2. mgr. 44. gr.	—
45. gr.	6. gr.
46. gr.	—
47. gr.	25. gr.
48. gr.	—
49. gr.	29. gr.
50. gr.	28. gr.
51. gr.	30. gr.
Flokkar 1 til 31 í I. viðauka	Flokkar 1 til 31 í II. viðauka
Flokkur 32 í I. viðauka	Flokkur 37 a í II. viðauka
Flokkur 33 í I. viðauka	Flokkur 32 í II. viðauka
Flokkur 34 í I. viðauka	Flokkur 33 í II. viðauka
Flokkur 35 í I. viðauka	Flokkur 37 í II. viðauka

Þessi reglugerð	Reglugerð (EB) nr. 110/2008
Flokkur 36 í I. viðauka	Flokkur 38 í II. viðauka
Flokkur 37 í I. viðauka	Flokkur 39 í II. viðauka
Flokkur 38 í I. viðauka	Flokkur 40 í II. viðauka
Flokkur 39 í I. viðauka	Flokkur 41 í II. viðauka
Flokkur 40 í I. viðauka	Flokkur 42 í II. viðauka
Flokkur 41 í I. viðauka	Flokkur 43 í II. viðauka
Flokkur 42 í I. viðauka	Flokkur 44 í II. viðauka
Flokkur 43 í I. viðauka	Flokkur 45 í II. viðauka
Flokkur 44 í I. viðauka	Flokkur 46 í II. viðauka
II. viðauki	Hluti undir fyrirsögninni „Aðrir brenndir drykkir“ í II. viðauka
III. viðauki	—
IV. viðauki	—